

Andóf og innlimun

Gagnrýni listamannsins á stóriðjustefnu íslenskra stjórnvalda við aldamót

Í upphafi tuttugustu og fyrstu aldarinnar átti sér stað afar umdeild iðnaðaruppbygging umhverfis Kárahnjúka á austurhluta miðhálandisins.¹ Þessi síðbúna iðnvæðing á hluta stærstu ósnortnu víðerna Evrópu fólst í byggingu afkastamestu vatnsaflsvirkjunar þjóðarinnar. Rafmagninu úr virkjuninni, sem íslenska ríkið hugðist niðurgreiða, var ætlað að knýja álver Alcoa í Reyðarfirði sem reist var á svipuðum tíma. Framkvæmdirnar vöktu harkaleg viðbrögð og sundruðu þjóðinni sem skiptist í fylkingar álverssinna og náttúruverndarsinna eftir skoðunum á réttmæti þeirra.²

Þessi grein varpar ljósi á andóf gegn framkvæmdunum í verkum listamannanna Andra Snæs Magnasonar, Óskar Vilhjálmisdóttur og Ástu Arnardóttur, Rúriar, Hörpu Arnardóttur og hóps umhverfissinna, Ólafs Ólafssonar og Libiu Castro, Bjarkar og Sigur Rósar. Margt hefur verið ritað og rætt um framkvæmdirnar og viðbrögð við þeim og ómögulegt að tíunda á þessum síðum.

¹ Helmingi styttri útgáfa þessarar greinar birtist undir heitinu „How Much is a Mountain Worth?“ Artistic Critique of the Icelandic State’s Sellout of the ‚Shitlandic Highlands‘ to a Foreign Multinational“, *Plurale Verschränkungen. Zur Entdifferenzierung von Kunst, Politik, Wissenschaft und Wirtschaft*, ritstjórar Marie Rosenkranz og Nina Tessa Zahner, Berlín: Springer, 2025, bls. 233–251. Marteinn Sindri naut fulltingis starfslaunasjóðs Hagþenkis við vinnu greinarinnar auk þess sem Ásgeir Brynjar Torfason, Guðrún Steinþórsdóttir ritstjóri *Ritsins* og tveir nafnlausir ritrýnar þess, Hjörleifur Finnsson og Jón Karl Helgason, lásu greinina á ýmsum stígum. Ábendingar þeirra voru til mikilla bóta og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

² Slíkur ágreiningur á sér afar langan sögulegan aðdraganda sem ekki er fjallað um hér svo neinu nemi, en Unnur Birna Karlsdóttir hefur gert því efni ítarleg skil í bókinni *Þar sem fossarnir falla. Viðhorf til náttúru og vatnsaflsvirkjana á Íslandi 1900–2008*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2010.



Eina áleitnustu gagnrýnina er að finna í grein Magnúsar Þórs Snæbjörnssonar, „Er *Draumalandið* sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð?“ þar sem fjallað er ítarlega um umrætt verk Andra Snæs, melankólísk einkenni íslenskrar náttúruverndarbaráttu við síðustu aldamót og mikilvægi íslenskrar þjóðerniskennar í því andófi.³ Titill greinar okkar skírskotar jafnframt öðrum þræði til bókar Jóns Ólafssonar *Andóf, ágreiningur og áróður* en í fyrsta kafla bókarinnar fjallar hann sérstaklega um ágreining um virkjanaframkvæmdirnar og þátt Andra Snæs.⁴ Í riti Jóns er jafnframt að finna gagnlega skilgreiningu á hugtakinu *andóf*, sem hann lýsir sem sérstakri

mynd pólitískrar þátttöku [sem] krefst þess að þeir sem beita því geti aflað sér ákveðinna sýndarvalda sem gerir erfitt að sniðganga sjónarmið þeirra. Réttlætning mótmælandans er í eðli sínu siðferðileg; það sem knýr mótmælin áfram eru meintir siðferðilegir yfirburðir aktívistanna yfir þá sem stunda pólitík og viðskipti. Þess vegna má líka halda því fram að aktívismi og róttæk mótmæli séu mikilvægur og jafnvel ómissandi hluti lýðræðislegra stjórnmála og misskilningur að telja að mótmæli eða viss félagslegur órói sé á einhvern hátt áfellisdomur yfir pólitísku kerfi.⁵

Helsta framlag greinar okkar byggir á kenningu frönsku félagsfræðinganna Lucs Boltanski og Ève Chiapello um *gagnrýni listamannsins á kapitalismann* (fr. *la critique artiste du capitalisme*).⁶ Kenninguna um gagnrýni listamannsins settu þau fram í

³ Magnús Þór Snæbjörnsson, „Er *Draumalandið* sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð?“, *Skírnir* 181: haust/2007, bls. 464–495.

⁴ Sjá Jón Ólafsson, *Andóf, ágreiningur og áróður. Greinar um heimspeki*, Bifröst: Háskólinn á Bifröst, 2009, sér í lagi „Siðfræði andstöðunnar og ævintýrið mikla. Um siðferðilega gagnrýni á framferði og ákvarðanir stjórnmálamanna“, bls. 10–36.

⁵ Sama heimild, bls. 48–49.

⁶ Hér er gripið til þess að þýða hugtakið *critique artiste* sem *gagnrýni listamannsins*. Einnig hefði komið til greina að tala um *listamenn* í fleirtölu, sem hefði gert hugtakið hversdagslegra. Til að undirstrika að ekki er átt við gagnrýni ákveðinna listamanna, heldur tiltekna yfir-einstaklingsbundna birtingarmynd gagnrýni, er notast við *listamaðurinn* að abstrakt heimspekilegum sið — en heimspekin fæst síður við staka menn en *manninn* almennt. Skandinavískir þýðendur hafa stundum notast við *listræna gagnrýni* (d. *kunstnerisk kritik*). Sá merkingarauki sem fylgir íslenska lýsingarorðinu *listrænn*, sem á frönsku mundi útleggjast sem *artistique*, er þó ekki til þess fallinn að fanga kjarnamerkingu hugtaks Boltanskis og Chiapello. Hér er síður um fagurfræðilega framsetningu gagnrýni að ræða, heldur fremur um vissa gagnrýna afstöðu til kapitalismans. Sú gagnrýni mótast samhlíða auknu kerfislægu sjálfstæði listarinnar frá tilkomu nútímakennings í fagurfræði og fram á okkar daga. Hugmyndina aðgreina þau frá því sem þau kenna við *félagslega gagnrýni* á

verkinu *Hinn nýi andi kapítalismans* (*Le nouvel esprit du capitalisme*, 1999) sem vakti mikla athygli erlendis á sama tíma og Kárahnjúkavirkjun var í burðarliðnum, en hefur lítið sem ekkert komið við sögu á íslenskum fræðavettvangi.⁷ Titillinn skirskotar til öndvegisverks Max Weber, *Síðferði mótmælanda og andi kapítalismans* (*Die protestantische Ethik und der Geist des Kapitalismus*, 1905) en ein áleitnasta hugmynd Boltanskis og Chiapello er sú að gagnrýni listamannsins hafi um síðustu aldamót verið „í lamasessi vegna innlimunar hins nýja anda kapítalismans á hluta af inn-taki hennar“.⁸ Um er að ræða fleyga hugmynd í menningarlegri orðræðu sam-tímans sem kom ekki til sögunnar með skrifum Boltanskis og Chiapello. Svipaðar áhyggjur af „hæfni kapítalismans til að samlagast gagnrýni“ (xv) má meðal annars finna stað í skrifum heimspekinga Frankfurtskólans, Herberts Marcuse,⁹ Theodors W. Adorno og Max Horkheimer.¹⁰ Kenning Boltanskis og Chiapello, sem náði miklu flugi um síðustu aldamót, stendur þannig innan langrar hefðar.

Hér er ætlunin að nýta greiningu Boltanskis og Chiapello til að varpa fræði-

kapítalismann og einkennist fremur af vitund um stétt, stöðu og misskiptingu auðs, sem og gagnrýni á hentistefnu og sjálfhverfu sem uppræti félagslega samstöðu.

⁷ Meðal íslenskra fræðimanna sem veitt hafa kenningum Boltanskis og félaga eftirtekt ber helst að nefna Jóhann Pál Árnason sem kemur víða inn á skrif þeirra, meðal annars í greininni „Capitalism in Context. Sources, Trajectories and Alternatives“, *Thesis Eleven* 66: 1/2001, bls. 99–125. Einnig eru þau til umfjöllunar í grein Nick Couldry, „Stafræn miðlun í ljósi félagsfræðinnar“, þýðandi Magnús Örn Sigurðsson, *Ritíð* 14: 3/2014, bls. 329–385. Meðal íslenskra fræðimanna sem fjallað hafa um Boltanski utan fræðilegs vettvangs má nefna Árna Daniel Júlíusson, „Uppreisn örvæntingarinnar“, *Attac á Íslandi*, 21. apríl 2014, attac.is/uppreisn-orvaentingarinnar/.

⁸ Luc Boltanski og Ève Chiapello, *The New Spirit of Capitalism*, London og New York: Verso, 2005, bls. 346. Hér eftir verður vísað til verksins með blaðsíðutali innan sviga.

⁹ „Sannleikur bókmennta og lista hefur alltaf verið viðurkenndur [...] sem af „æðri“ skipan, sem ætti ekki [...] að raska hagskipaninni. Þær breytingar sem hafa orðið á okkar tímum snúa að muninum á þessum tveimur skipunum og sannleika þeirra. Máttur samfélagsins til að drekka í sig tæmir listrænu víddina með því að samlagast ágreiningsefni hennar. Á sviði menningar birtist nýja alræðið einmitt í átakalausri fjölhyggju, þar sem mótsagna-kenndustu verk og sannindi lifa friðsamlega saman í afskiptaleysi.“ Herbert Marcuse, *One-Dimensional Man*, London og New York: Routledge, [1964] 2007, bls. 64.

¹⁰ „Það sem veitir mótspyrnu fær einungis að lifa af ef það samlagast. Þegar menningar-íðnaðurinn hefur veitt mismuninum eftirtekt, þá er hann þegar orðinn hluti af menningariðnaðinum, rétt eins og landbótamaðurinn tilheyrir kapítalismann.“ Max Horkheimer og Theodor W. Adorno, *Dialektik der Aufklärung*, Frankfurt am Main: Fischer, [1944] 1980, bls. 188. Hér líkja Adorno og Horkheimer innlimun listarinnar við hugmyndir Karls Marx um „innlimun [...] einstaklinga undir sértækum skilyrðum framleiðslunnar“. Tilvitnunin er fengin úr Karl Marx, *Grundrisse. Foundations of the Critique of Political Economy* (drög), London og New York: Penguin, 1993, bls. 96. Sjá einnig Andrés Saenz de Sicilia, „Subsumption“, *The SAGE Handbook of Marxism*, ritstjórar Svenja Bromberg, Sara R. Farris, Beverley Skeggs og Alberto Toscano, SAGE, 2022, bls. 609–630.

legu ljósi á efnahagslegar forsendur stóriðjuáforma héraðs stjórnsvalda og þá gagnrýni listamannsins sem fylgdi í kjölfarið. Segja má að sú gagnrýni samlagist að miklu leyti orðræðu hagrænnar nýsköpunar eða því sem Boltanski og Arnaud Esquerre hafa síðar lýst sem *auðgunarhagkerfi* kapitalismans. Hugtakið, sem þeir setja fram í *Auðgun. Gagnrýni varningsins* (*Enrichissement. Une critique de la marchandise*, 2017), hefur ekki áður borið á góma á íslenskum fræðavettvangi. Um leið er sjónum hér beint að tengslum auðgunarhagkerfisins, gagnrýni listamannsins og því sem Boltanski og Chiapello nefna *vistræna gagnrýni* (fr. *critique écologique*).¹¹ Lítið hefur verið fjallað um innbyrðis tengsl þessara þriggja hugtaka Boltanskis og félaga á alþjóðlegum vettvangi.¹² Loks er hugað að samhljómi milli gagnrýni listamannsins og náttúruhverfar þjóðernishyggju sem á rætur að rekja til sjálfstæðisbaráttu nítjándu aldar. Þessi tengsl birtast með skýrum hætti þegar greiningu Boltanskis og Chiapello, sem miðast við Frakkland, er beitt hér á landi.

Umfjölluninni vindur fram sem hér segir: Í fyrsta hlutanum er gerð grein fyrir aðferðafræðilegri nálgun Boltanskis og Chiapello sem liggur til grundvallar greiningu okkar. Því næst er gætt að ástandi kapitalismans á Íslandi á tíunda áratugnum með hliðsjón af greiningu þeirra á hnattvæðingu hans og aðstæðum í Frakklandi á sama tíma, áður en við tökumst á við skilgreiningar þeirra á hinum nýja anda kapitalismans og gagnrýni listmannsins.

Í öðrum hlutanum beinum við sjónum okkar að því hlutverki sem hugmyndafræði (græna) auðgunarhagkerfisins og náttúruhverfar þjóðernishyggju leika í verkum þeirra listamanna sem hér hafa verið nefndir. Í umfjöllun okkar lítum við sérstaklega til hugmynda um *aftöfrun*, *óheilindi* og *kúgun*, en þessi þrjú hugtök liggja skilgreiningu Boltanskis og Chiapello á gagnrýni listamannsins til grundvallar.

Í niðurlagi ræðum við ávinninginn af þeirri aðferðarfræði sem stuðst er við í greininni og hugum að sannleiksgildi þeirrar Frakklands-miðuðu fullyrðingar Boltanskis og Chiapello (sem eigi í grundvallaratriðum við um önnur stærri vest-

¹¹ Við höfum kosið að þýða hugtakið *critique écologique* með orðunum *vistræn gagnrýni*. Hér væri nærtækt að grípa til hugtaksins *vistrýni* sem er þó þegar í bókmenntafræði viðtekin þýðing annars hugtaks, *ecocritique*.

¹² Það væri rangt að halda því fram að umræða Luc Boltanski og Ève Chiapello um hina vistrænu gagnrýni sé aukaatriði í *Hinum nýja anda kapitalismans*, en þó hefur henni sjaldan verið gefinn mikill gaumur þegar rætt er um gagnrýni listamannsins eða bókina yfirhöfuð. Enda fann Chiapello sig nýlega knúna til þess að vekja máls á því hversu illa gangi að standa vörð um vistkerfi jarðarinnar innan núverandi hagskipulags hnattvædds kapitalisma. Sjá Ève Chiapello, „Capitalism Seems Incapable of Integrating the Environmental Critique“ (viðtal), *Philonomist*, 3. júní 2024, sótt 30. ágúst 2025 af www.philonomist.com/en/interview/capitalism-seems-incapable-integrating-environmental-critique.

ræn ríki) að gagnrýni listamannsins á kapítalismann hafi verið í lamasessi um það leyti sem stóriðjustefna íslensku ríkisstjórnarinnar varð að skotspæni listamanna hérlandis um aldamótin.

Boltanski og Chiapello líta á sig sem „gagnrýnendur“ (og ekki aðeins „greinendur gagnrýni“)“ og vonast til þess að rannsókn þeirra á hinum nýja anda kapítalismans feli í sér „framlag til endurnýjunar á gagnrýni“ (xiv). Við lítum hins vegar síður á okkur sem gagnrýnendur enda fæst staðbundin rannsókn okkar fremur við að greina félagslegar birtingarmyndir gagnrýni listamannsins innan hins nýja anda kapítalismans.¹³ Rannsóknin er gerð í þeirri trú að vert sé að íhuga hvað gagnrýni sé í þjóðfélagslegu samhengi, þó ekki sé verið að mæla fyrir um hvernig gagnrýnendur eigi að endurnýja andóf sitt. Fyrir tæpum aldarfjórðungi þótti Boltanski og Chiapello „erfitt að átta sig á því hvaða stefnu endurnýjun [...] „gagnrýni listamannsins“ gæti tekið“ (xvii). Við kunnum fá svör við því, en hyggjumst þó bregða ljósi á þróun hennar hérlandis í upphafi tuttugustu og fyrstu aldarinnar.

Gagnrýnin félagsfræði og félagsfræði gagnrýninnar

Luc Boltanski hóf feril sinn með bók sem hann samdi með læriföður sínum, og síðar samstarfsmanni, Pierre Bourdieu, *List meðalmennskunnar. Ritgerð um félagslega notkun ljósmyndunar* (*Un art moyen. Essai sur les usages sociaux de la photographie*, 1965). Hann komst í tengsl við Bourdieu í gegnum eldri bróður sinn, en þeir síðarnefndu voru vinir frá því að þeir gegndu herþjónustu í Alsír. Boltanski hagnaðist þannig á því sem Bourdieu nefnir *félagsauð* (fr. *capital social*).¹⁴ Samstarf þeirra við Centre de sociologie européenne í París skilaði af sér allmörgum textum, mestmegnis á sviði félagsfræði menntunar.¹⁵ Eftir að leiðir skildu sköruðust rannsóknir þeirra áfram að einhverju leyti, bæði hvað kenningar og viðfang varðar.

¹³ Um endurnýjun kapítalismans sjá einnig Gilles Deleuze og Félix Guattari, *Rísóm*, Hjörleifur Finnsson þýddi, *Heimspæki verðandinnar*, bls. 12–58, hér bls. 47–48: „Það er ekki til neinn algildur kapítalismi, enginn kapítalismi í sjálfum sér, kapítalisminn stendur á krossgötum allra mögulegra myndana. Hann er í eðli sínu alltaf nýkapítalismi“.

¹⁴ Um auðmagnskenningu Bourdieu sjá Davíð G. Kristinsson, „Inngangur“, Pierre Bourdieu, *Almenningsálitid er ekki til*, ritstjóri sami, Reykjavík: Ormdúrman/ReykjavíkurAkademían, 2007, bls. 7–31.

¹⁵ Um er að ræða texta á borð við *Samtímarannsókn í félagsfræði. Vísindanemendur* (*Une étude sociologique d'actualité. Les étudiants en sciences*, 1966); *Vörn deildanna* (*La défense du corps*, 1971); *List endursköpunarinnar. Þjóðfélagsstéttir og menntakerfið* (*Les stratégies de reconversion. Les classes sociales et le système d'enseignement*, 1973); *Titill og staða. Tengsl framleiðslu- og endursköpunarkerfisins* (*Le titre et le poste. Rapports entre le système de production et le système de reproduction*, 1975); og *Framleiðsla ráðandi hugmyndafræði* (*La production de l'idéologie dominante*, 1975).

Nægir hér að nefna rannsóknir þeirra á frönsku elítunni, sem Boltanski kynnir í doktorsritgerð sinni (hinni meiri) *Millistjórnendur. Myndun samfélags hóps* (*Les cadres. La formation d'un groupe social*, 1982) og Bourdieu í *Ríkisaðallinn. Elítuháskólarinn og liðsandinn* (*La noblesse d'État. Grandes écoles et esprit de corps*, 1989).

Segja má að ferill Ève Chiapello hefjist með samstarfi þeirra Boltanskis, en þegar *Hinn nýi andi kapítalismans* kom út árið 1999 var hún nýbúin að birta doktorsritgerð sína, *Listamenn andspænis forstjórum. Menningarsjórnun mætir gagnrýni listamannsins* (*Artistes versus managers. Le Management culturel face à la critique artiste*, 1998).¹⁶ Leiðir þeirra tveggja lágu saman í rannsóknarhópnum Le Groupe de sociologie politique et morale, sem Boltanski stofnaði árið 1985 ásamt Michael Pollak og Laurent Thévenot, um pólitíska og siðferðilega félagsfræði.¹⁷ Ætlun hópsins var að „finna tungumál sem gæti lýst athöfnum fólks án þess að vísa til raungervingar þeirra möguleika sem felast í vissum formgerðum [...] (sem, þegar öllu er á botninn hvolft, jafngildir því að hafna tilvist raunverulegra athafna)“ (x–xi). Þess í stað lögðu meðlimir hópsins áherslu á að „fólk taki ákvarðanir og áhættu í ljósi óvissu eigin kringumstæðna“ og að mikilvægt sé „að taka alvarlega þær viðmiðunarreglur og hugsjónir sem fólk segist fylgja, án þess að gera þær að einberum hugmyndafræðilegum grimum eða birtingarmynd falskrar vitundar.“ (xi)

Í aðfarorðum *Hins nýja anda kapítalismans* gagnrýna Boltanski og Chiapello ýmsa skóla undangenginna áratuga sem lagt hafi óhóflega áhersla á það að „félagsheimurinn samanstandi af ‚formgerðum‘, sé gagntekinn af ‚lögmálum‘ og knúinn áfram af ‚öflum‘ sem félagslegir gerendur eru ómeðvitaðir um; og stefna sjálfrar sögunnar sé ekki beinlínis háð vilja þeirra manna sem á vegi hennar verða.“ (x) Þar sem slík nálgun „kappkostar að kafa niður fyrir meðvitund gerendanna og leiða í ljós formgerðir, lögmál og öfl sem þeir hafa enga stjórn á“ þá getur hún „aðeins tekist á við siðferðileg gildi og hugsjónir á formi ‚hugmyndafræði‘“ (x).¹⁸

Gegn slíkri félagsfræði hins ómeðvitaða tefla Boltanski og Chiapello sinni eigin: „Skipta verður *gagnrýnni félagsfræði*, sem er áhugalaus gagnvart þeim gildum

¹⁶ Sama mætti segja um Esquerre, sem lauk doktorsprófi í félagsfræði með ritgerðinni *Andleg innræting. Félagsfræði sértrúarsöfnuða í Frakklandi* (*La manipulation mentale. Sociologie des sectes en France*, 2009).

¹⁷ Boltanski og Chiapello vísa í umræðu sinni um rannsóknarhópinn til Françoise Dosse sem fjallað hefur nánar um sögu franskrar félagsfræði á þessum tíma, en hópurinn var starfræktur við tvær helstu rannsóknarstofnanir Parísarborgar á sviði félagsfræði, École des hautes études en sciences sociales og Centre national de la recherche scientifique.

¹⁸ Þau sjá dæmi um slíka nálgun hjá fræðafólki sem vinnur í anda hugsuða á borð við Nietzsche, Freud, Marx, Durkheim og Weber, en einnig hjá samtímafélagsfræðingum, til dæmis Bourdieu.

sem aðilar segjast fylgja, út fyrir *félagsfræði gagnrýnnar*.¹⁹ (xi) Sú félagsfræði gagnrýnnar (fr. *sociologie de la critique*) sem Boltanski og Chiapello kenna rannsókn sína við er þó ekki bein andstæða gagnrýnu félagsfræðinnar (fr. *critique sociologie*) heldur fremur meðalvegur milli hennar og hagnýtrar félagsfræði (fr. *sociologie pragmatique*) sem hafði rutt sér til rúms í Frakklandi á níunda áratugnum. Slík félagsfræði lagði áherslu á gerendur í raunverulegum aðstæðum sem „smíða“ (e. *construct*) hið félagslega með „gjörningum“ (e. *performance*) en missti um leið sjónar á „ferlum sem raungerast á breiðara tjaldi, með athöfnum fjölda einstaklinga og á löngum tíma.“ (xi)

Ólíkt „vísunum hvarvetna í kapítalismann á sjöunda og áttunda áratug tuttugustu aldar“ telja Boltanski og Chiapello að það hafi einmitt einkennt þann níunda að „enginn minntist lengur á kapítalisma, ef frá eru taldir nokkrir marxistar af gamla skólanum („tegund í útrýmingarhættu“)“ (ix).²⁰ Þau lýsa því hvernig „hugtakið hreinlega þurrkaðist út úr orðaforða stjórnmálamanna, verkalýðsfulltrúa, rithöfunda og blaðamanna – að ógleymdu félagsvísindafólki sem hafði grafið það í glemsku.“ (ix) „Svipt stöðu sinni sem lykilhugtak áttunda áratugarins“ þótti *kapítalismi* í millitíðinni vísa „til einhvers sem er of „stórt“ og „yfirgripsmikið“ til að vera þegar í stað sýnilegt og lýsanlegt með athugun á tilteknum aðstæðum.“ (xi) Við lok tíunda áratugarins er Boltanski og Chiapello þar af leiðandi í mun að endurheimta möguleika hinnar gagnrýnu félagsfræði til að fást við stórar félagsheildir (á borð við kapítalisma), sem fallið höfðu á milli skips og bryggju í hagnýtum greiningum níunda áratugarins á „ýmsum áþreifanlegum aðstæðum“ (xii). Andspænis slíkri „örfélagsfræði“ þykir Boltanski og Chiapello nokkur eftirsjá eftir víðtækara sjónarhorni og hugtökum á borð við *kapítalismi*. Þau spyrja sig „hvort félagsfræðin geti í raun og veru hætt að vísa til yfirgripsmikilla langtímabundinna fyrirbæra án þess að fórna miklu af því ljósi sem henni er ætlað að varpa á nútímann.“ (xi) Á sama tíma leggja þau lykiláherslu á raunverulegan áhrifamátt meðvitaðra gerenda: „Við eignum fólki getu til ósvikinnar gagnrýni, og gagnrýni hefur áhrif á heiminn.“ (xx) Nálgun sinni lýsa þau með eftirfarandi hætti:

Með því að fylgja stefnu *félagsfræði gagnrýnnar* reyndum við að smíða ramma sem gerir kleift að sameina nálganir *gagnrýnnar félagsfræði*, sem vísar til yfir-einstaklingsbundinna eininga (sérstaklega kapítalisma)

¹⁹ Þessi áhersla á gildi lá til grundvallar rannsókna Luc Boltanski og Laurent Thévenot á *Réttleitu. Hagfræði verðleikanna* (*De la justification. Les économies de la grandeur*, 1991).

²⁰ Með sambærilegum hætti og *kapítalismi* hafi *þjóðfélagsstétt*, lykilhugtak í evrópskri félagsfræði 1950–1980, allt í einu horfið (xii).

sem geta haft áhrif á fjölda fólks yfir langt tímabil, og nálganir sem eru dregnar af hagnýtri félagsfræði og leggja áherslu á athafnir, þær normatífu kröfur sem ætlandi athafnir, og þá sérstaklega gagnrýnar, segjast vera innblásnar af. (xii)

Með öðrum orðum: „Ætlun okkar var að endurreisa gagnrýna félagsfræði á grundvelli félagsfræði gagnrýnnar með því að blanda henni saman við gamla viðfangið: kapítalisma.“ (xiii) Þetta gera þau þó síður í anda Marx en Webers:

Upphafspunktur okkar, innblásinn af Max Weber [...], var einmitt að leitast við að endurlífga spurninguna um dýnamík kapítalismans án þess að nota marxísku grunnhugtökin, en annmarkar þeirra höfðu orðið ljósir á áttunda áratugnum, og okkur finnst sérstaklega að þær takist ranglega á við spurninguna um hugmyndafræði. Með því að aðskilja hugmyndir og raunveruleikann skarplega og hunsa samspil þeirra, samofna, samtengda framleiðslu og gagnkvæm áhrif þeirra, leiðir slík hugsun ávallt til þröngrar skilgreiningar á hugmyndafræði sem grímu [...]. Hún hindrar rannsakendur í því að takast á við flækjustig og óræða framleiðslu sögulegs veruleika og leysa úr flækjum hans af þolinmæði. (xix–xx)

Boltanski og Chiapello vilja með verki sínu gera gangskör í þessum málum enda hefst bókin á greinargóðri lýsingu á ástandi kapítalismans undir lok tuttugustu aldar sem miðast aðallega við þróun mála í Frakklandi. Þau höfðu aðeins fimm ár til stefnu og takmörkuð fjárráð, og voru því staðráðin í því að „afmarka sig við smærri þætti“ þó svo að ákjósanlegt hefði verið að „bera saman nokkur lönd á sama tímabili og með sömu aðferðum.“ (xiv) Boltanski og Chiapello segja að slík rannsókn bíði betri tíma og að „skorður sem tengjast sögu einstakra þjóða gegni verulegu hlutverki“ (xxi) til skilnings á virkni kapítalismans í samtímanum. Þau eru engu að síður „sannfærð um að í grundvallaratriðum hafi nokkuð svipaðir ferlar haft áhrif á helstu iðnríki Vesturheimsins“ og eru vongóð um „að verk framtíðarinnar, með svipaða aðferðafræðilega nálgun, verði framlag til finpússaðri sýnar á það hvernig, undir áhrifum staðbundinna breyta, nýjum skorðum hefur verið komið á fót.“ (xxi) Í þessu ljósi má líta á greiningu okkar á vestrænu smáríki sem afmarkað framlag til þeirrar viðamiklu kortlagningar sem Boltanski og Chiapello kölluðu eftir á sínum tíma.

Hinn nýi andi kapítalismans og gagnrýni listamannsins

Þrátt fyrir staðbundna áherslu á Frakkland, sem dæmi um vestræna lykilþjóð, er kenning Boltanskis og Chiapello gagnleg til skilnings á efnahagslegum, pólitískum og félagslegum forsendum þess að ríkisstjórn Íslands hóf að gera hosur sínar grænar fyrir alþjóðlegum stóriðjufyrirtækjum upp úr miðjum tíunda ára-tugnum, meðal annars með gylliboðum um lægsta (vistvæna) raforkuverð í heimi í bæklinginum *Lowest Energy Prices!*²¹

Kapítalisma skilgreina Boltanski og Chiapello sem „*skilyrðislausa auðsöfnun með formlega friðsömum hætti*“ (4).²² Á tíunda áratug síðustu aldar einkenndist sú skilyrðislausa auðsöfnun af hnattvæðingu og samþættingu efnahagskerfa heimsins, með tilheyrandi endurskipulagningu, sem hófst fyrir alvöru í kjölfar kreppu-ástands víðs vegar í heiminum upp úr 1970.²³ Á árunum 1984 til 1994 hafði hagnaður og ávinningur af fjárfestingum og sparnaði aukist til muna í Frakklandi á meðan laun stóðu í stað og skattar lækkuðu. Samhliða þessari þróun varð vinnuafli sveigjanlegra. Aukið frelsi á fjármálamörkuðum og uppgangur spákaupmennsku gerðu það að verkum að fjármálastarfsemi varð arðbærari en fjárfesting í iðnaði.²⁴

Þróunin var örlítið frábrugðin á Íslandi á sama tíma þar sem laun höfðu hækkað hóflega samhliða auknum hagnaði og ávinningi af fjárfestingum og sparnaði. Aftur á móti jókst sveigjanleiki á vinnumarkaði og fjármálamörkuðum hérlandis á því tímabili sem markaðist af opnun íslensku Kauphallarinnar árið 1985 og inngöngu Íslands í Evrópska efnahagssvæðið (EES) á nýársdag 1994. Reginmunurinn á hagkerfum Frakklands og Íslands á þessum tíma var sá að Íslendingar þurftu að kljást við afar óstöðugan gjaldmiðil auk þess sem vaxandi

²¹ Icelandic Energy Marketing Unit, *Lowest Energy Prizes!! In Europe for New Contracts*, 1995. Bæklinginn má nálgast á slóðinni https://blog.dv.is/wp-content/uploads/sites/97/2010/03/Lowest_energy_prices_Iceland.pdf. Sjá enn fremur pistil Péturs Gunnarssonar sem fluttur var á Rás 1 þann 31. mars árið 1998 og birtur samdægurs á vef *Saving Iceland*. Pétur Gunnarsson, „Hin skrinlagða heimska“, *Saving Iceland*, 31. mars 1998, sótt 30. ágúst 2025 af www.savingiceland.org/is/1998/03/hin-skrinlagda-heimska/.

²² Kapítalisma aðgreina þau að hætti sagnfræðingsins Braudel frá sjálfu markaðshagkerfinu sem eigi sér mun lengri aðdraganda í mannkynssögunni. Hér vísa þau til verks Fernands Braudel, *The Wheels of Commerce*, Sian Reynolds þýddi, New York: Harper and Ross, 1982, bls. 228. Í þessu samhengi er ekki úr vegi að vísa til nokkuð ítarlegri umræðu Jóhanns Páls Árnasonar („Capitalism in Context“, bls. 102–107) um skilgreiningar á kapítalismanum.

²³ Luc Boltanski og Ève Chiapello, *The New Spirit of Capitalism*, bls. xxxv–xlvi.

²⁴ Sama heimild, bls. xxxvi–xxxviii.

millistétt gerði sífellt meiri kröfur um aukna hagsæld og bætt lífsskilyrði. Af þessum sökum var stjórnmalámönnum í mun að renna fleiri og styrkari stoðum undir útflutning. Fram til þessa höfðu fiskveiðar og rausnarleg Marshall-aðstoð Bandaríkjanna staðið undir megninu af hagsæld þjóðarinnar. Í þessu samhengi var lítið svo á að álframleiðsla, sem hafði hafist í Straumsvík árið 1970, fyrst undir merkjum Alusuisse og síðar Rio Tinto Alcan, gæti skipt sköpum.²⁵

Uppgangur alþjóðlegra stórfyrirtækja er raunar eitt helsta einkenni hnattvæðingar kapítalismans á þessum tíma, samkvæmt greiningu Boltanski og Chiapello, að svo miklu leyti sem sú þróun miðaði að því að „auka arðsemi fjármagns með hagkvæmum fjárfestingum“ (xxxviii). Yfirburðir og menningarlegt forræði þessa umbreytta kapítalíska hagskipulags voru ótvíræð undir lok tíunda áratugarins enda höfðu alþjóðleg stórfyrirtæki „orðið hlutskörpust á þeim árum sem endurskipulagning kapítalisma í heiminum átti sér stað.“ (xxxvii) Hlutdeild þeirra í heimsframleiðslu hafði aukist úr „sautján prósentum um miðjan sjöunda áratuginn upp í rúm þrjátíu prósent árið 1995.“ (xxxvii) Slík fyrirtæki höfðu enn fremur öðlast yfirráð yfir tæpum sjötíu prósentum alþjóðlegrar verslunar en „[v]elgengni þeirra [hafði] aðallega verið tryggð með samrunum og yfirtökum á heimsvísu sem [ollu] æ hraðari samþjöppun á mörkuðum og tilkomu hnatt-rænnar fákeppni.“ (xxxvii) Einn af sigurvegurum þessara miklu umbreytinga, alþjóðlega stórfyrirtækið Alcoa, fékk leyfi frá íslenska ríkinu til að reisa og starf-rækja álbræðslu í Reyðarfirði, á meðan annað alþjóðlegt stórfyrirtæki, ítalski verktakinn Salini Impregilo SpA (síðar Webuild SpA), var ráðinn til að smíða Kárahnjúkavirkjun.

Sé uppgangur alþjóðlegra stórfyrirtækja mikilvægt einkenni hnattvædds kapítalisma, þá má segja að það sem Boltanski og Chiapello kalla *hinn nýja anda* hans byggi á söguskilningi á þróun hagkerfa heimsins í kjölfar iðnbyltingarinnar, sér í lagi frá fordískum framleiðsluháttum (við færibandið í verksmiðjunni) til síð-fordískra framleiðsluhátta (skapandi vinnuafli og aukin hlutdeild þjónustugreina og þekkingarframleiðslu).²⁶ Þrátt fyrir ýmsar breytingar á undanförnum tvö hundruð árum byggist framleiðslukerfi kapítalismans þó enn í dag á samþjöppun eigna í höndum fárra, en því fyrirkomulagi lýsa Boltanski og Chiapello sem „fjarstæðukenndu“ (7):

²⁵ Hennig gagnrýnir hvernig áhersla á framleiðslu og útflutning hrávöru á sér rætur í hugmyndafræði nýlendustefnunnar. Reinhard Hennig, „Postcolonial Ecology. An Ecocritical Reading of Andri Snær Magnason's *Dreamland. A Self-Help Manual for a Frightened Nation*“, *The Postcolonial North Atlantic. Iceland, Greenland and the Faroe Islands*, ritstjórar Lill-Ann Körber og Ebbe Volquardsen, Berlín: Nordeuropa-Institut der Humboldt Universität, 2014, bls. 105–126, hér bls. 118–119.

²⁶ Luc Boltanski og Ève Chiapello, *The New Spirit of Capitalism*, bls. 16–19, 57–101, 419–482.

Launþegar hafa glatað eignarhaldi á ávöxtum erfiðis síns og möguleikanum á að sækjast eftir starfsævi sem ekki er ofurefli seld. Hvað fjármagnseigendur áhrærir, þá eru þeir tjóðraðir við óendanlegt, óseðjanlegt ferli, sem er fullkomlega óhlutbundið og aðskilið fullnæggingu langana, jafnvel þeirra munaðarfyllstu. Innlimun þessara tveggja söguhetja í ferli kapítalismans skortir með öllu réttlætingu. (7)

Ef hvetja á bæði launþega og fjármagnseigendur til dáða í kapítalísku þjóðskipulagi þarf „ráðandi hugmyndafræði“ (11) sem réttlætir þátttöku í hinni skilyrðislausu auðsöfnun sumra. „Við köllum *þá hugmyndafræði* [...] „anda kapítalismans““ (8), skrifa Boltanski og Chiapello, en hugtakið skilgreina þau sem „samansafn skoðana sem réttlæta fyrirkomulag kapítalismans og viðhalda þannig þeirri afstöðu og þeim athöfnum sem samræmast því.“ (10) Hugtakið sækja þau til lýsingar Webers á því hvernig ákveðin grundvallargildi mótmælendatrúar á Vesturlöndum, svo sem sparsemi, vinnusemi og meinlætalfnaður, urðu að ráðandi gildum á árdögum kapítalismans, renndu bæði siðferðilegum og hugmyndafræðilegum stöðum undir réttmæti hans og „hvöttu frumkvöðla til dáða í kapítalískri auðsöfnun“ (8–9).²⁷ Sú hugmyndafræði sem Weber lýsir hefur í millitíðinni tekið töluverðum umskiptum, að dómi Boltanski og Chiapello, samhliða umfangsmiklum breytingum á lífsskilyrðum og starfsaðstæðum fjármagnseigenda og verkafólks.²⁸ Þó þarfnast hin skilyrðislausa auðsöfnun enn sem fyrr siðferðilegrar og hugmyndafræðilegrar réttlætningar. Og þar hefur *gagnrýni listamannsins* leikið lykilhlutverk.²⁹

Boltanski og Chiapello rekja gagnrýni listamannsins aftur til nítjándu aldarinnar, sér í lagi til hugmynda franska ljóðskáldsins Charles Baudelaire. Hún bein-

²⁷ Sjá einnig Max Weber, *The Protestant Ethic and the Spirit of Capitalism*, þýðandi Talcott Parsons, New York: Charles Scribner's, 1958. Aftur vikkar greining Jóhanns Páls Árnasonar verulega út sjóndeildarhring þessarar rannsóknar, en hann gerir grein fyrir hugmynda-sögulegu samhengi hugtaksins „anda kapítalismans“ auk þess að ræða með einkar yfirgripsmiklum hætti um framlag Cornelíusar Castoriadis og Fernands Braudel til dýpri og næmari skilnings á þýðingu þess. Sjá Jóhann Páll Árnason, „Capitalism in Context“.

²⁸ Luc Boltanski og Ève Chiapello, *The New Spirit of Capitalism*, bls. 16–19. Enn fremur er nálgun þeirra nokkuð frábrugðin kenningu Webers, eins og Jóhann Páll Árnason ræðir með tilvísun til kenninga Hegels um hinn hlutlega, huglæga og altæka anda. Raunar er eitt mikilvægasta atriðið í umfjöllun Jóhanns Páls samþætting þessara þriggja víddar, sem hann telur gjarnan hafa farið forgörðum í kenningum um anda kapítalismans, ekki aðeins hjá Weber heldur einnig hjá Boltanski og Chiapello, sem missi hvert með sínum hætti af mikilvægi stofnanubundinna þátta í þróun og réttlætingu kapítalismans — með öðrum orðum hinum hlutlega anda Hegels. Sjá Jóhann Páll Árnason, „Capitalism in Context“, bls. 107–112.

²⁹ Luc Boltanski og Ève Chiapello, *The New Spirit of Capitalism*, bls. 8.

ist í grundvallaratriðum að þremur þáttum í kapítalísku hagskipulagi — *aftöfrun óheilindum og kúgun*.³⁰ Með nokkurri einföldun má segja að gagnrýni listamannsins á kapítalismann hafi fjöldaframleiðslu og leitist eftir töfrum þess einstaka, fjölbreytileika veruleikans og sérkennum hans. Auk þess upphefur slík gagnrýni hið einstaka og óháða sjálf sem neitar að hirsti í „járnburí“ þeirrar verklegu rök-vísi sem Weber gerir grein fyrir í áðurnefndu verki.³¹ Með öðrum orðum lætur listamaðurinn ekki binda sig á klafa hefðbundinnar kapítalískrar framleiðslu og þvertækur fyrir það að vera tannhjól í gangvirki samfélagsins. Listamaðurinn er sjálf sem á sig sjálft og er fyrir vikið frjáls.³²

Þrátt fyrir að rekja megi gagnrýni listamannsins aftur til nítjándu aldar telja Boltanski og Chiapello að það hafi ekki verið fyrir en á síðari hluta tuttugustu aldar sem áþekkar kröfur nýrra kynslóða í Frakklandi og víðar, um lausn undan aftöfrun, óheilindum og kúgun kapítalismans, tóku að endurspeglast í almennum lífsskilyrðum, svo sem einkalífi og auknu kynfrelsi sem og í breyttu fyrirkomulagi kapítalískrar framleiðslu.³³ Boltanski og Chiapello byggja greiningu sína á at-hyglisverðum samanburði á stjórnendafræðum sjöunda og tíunda áratugarins. Þannig draga þau fram mikilvægar breytingar sem urðu á siðferðilegri og hug-myndafræðilegri réttlætingu kapítalismans á þessum þremur áratugum. Þau lýsa því hvernig vissar hugmyndir, sem falist höfðu í gagnrýni listamannsins og ruddu sér til rúms á ný í kjölfar þeirra þjóðfélagsbreytinga sem áttu sér stað í kringum árið 1968, urðu hluti af hinum nýja anda kapítalismans.³⁴ Í stað þess að lúta í lægra haldi fyrir nýju þjóðskipulagi kom kapítalisminn einfaldlega til móts við hugmyndir nýrra kynslóða um frelsi, heilindi og töfra hins skapandi og frjálsa lífs, innlimaði slík gildi á eigin forsendum og hélt þannig velli.

Hinn nýi andi kapítalismans var með öðrum orðum réttlættur með gildum sem áttu rætur að rekja til gagnrýni listamannsins: „Sjálfræði, snerpa, rísómatísk geta, fjölhæfing (ólíkt þröngri sérhæfingu úreltrar verkaskiptingar), félagslyndi, opinn hugur og nýjungagirni, sköpunarkraftur, frumlegt innsæi, næmni fyrir fjölbreytni, hlustun eftir lifaðri reynslu, [...] óformleiki og leitin að tengslum við aðra“ urðu slagorð stjórnendafræða. Þau sóttu innblástur rakleiðis í „kokkabæk-ur 68-kynslóðarinnar“ (97) en voru ætluð stjórnendum sífellt straumlínulagaðri fyrirtækja sem aðlöguðust mörg hver aukinni hnattvæðingu og alþjóðlegri sam-keppni með aðferðum sem gjarnan eru kenndar við Toyota samsteypuna. Í stað

³⁰ Sama heimild, bls. 37.

³¹ Max Weber, *The Protestant Ethic and the Spirit of Capitalism*, bls. 181.

³² Luc Boltanski og Ève Chiapello, *The New Spirit of Capitalism*, bls. 37–38.

³³ Sama heimild, bls. 419.

³⁴ Sama heimild, bls. 57–101.

Þess að stakt fyrirtæki stæði að öllum þáttum framleiðslunnar urðu til flókin net undirverktaka og birgja víðs vegar um heiminn. Þetta bauð upp á hagræðingu í þeim hlutum framleiðslunnar sem voru kostnaðarsamastir, auk þess að stytta framleiðslutíma allverulega.

Greining Boltanskis og Chiapello leiðir í ljós „að nýjustu stjórnarhættir [e. *neo-management*] miði að því að bregðast við kröfum um heilindi og frelsi, sem hafa sögulega fléttast saman í [...] „gagnrýni listamannsins““ (97). Mörgum launþegum hugnaðist sveigjanleikinn vel, sem og þær kröfur sem nú voru gerðar um skapandi og frumlega hugsun – og endurómuðu málflutning 68–hreyfingarinnar. Nýjar kynslóðir áttu erfitt með að ímynda sér að vinna alla ævi fyrir sama framleiðandann en frelsinu fylgdi óvissa. Nú fór tengslanetið að skipta öllu máli, sjálfstætt starfsfólk þurfti að sjá til þess að þegar einu verkefni lyki tæki annað við.³⁵

Þær breytingar sem urðu á kapítalismannum á árunum 1970–1990 leiddu enn fremur til þess að það atvinnuöryggi, sem milljónir manna á vestrænum vinnumörkuðum höfðu búið við, minnkaði verulega. Í þessu umhverfi glötuðu launþegar ýmsum fríðindum sem fylgt höfðu framleiðslustörfum í velmegandi (og að miklu leyti vestrænum) hagkerfum áratuginna á undan, æviráðningum, öruggum stöðuhækkunum, jafnvel húsnæði og uppihaldi á kostnað fyrirtækisins. Starfsskilyrði hinna vinnandi stétta velferðarsamfélaga eftirstríðsáranna fóru í auknum mæli að líkjast starfsskilyrðum listamanna. Í þessu nýja landslagi áttu verkalýðsfélög erfiðara uppdráttar, laun lækkuðu í fyrsta skipti frá því eftir stríð, og lífeyrisréttindi og heilbrigðistryggingar stórra stétta voru í uppnámi.³⁶ Andi kapítalismans hafði gengið í endurnýjun lífdaga og réði lögum og lofum þegar fram var komið á tíunda áratuginn, enda hafði hann öðrum þræði innlimað gagnrýni listamannsins.

Vistræn gagnrýni listamannsins og orðræða auðgunarhagkerfisins

Boltanski og Chiapello vekja í greiningu sinni athygli á markverðri þróun í kjölfar stúdentauppreisnarinna í París vorið 1968 þegar farið er að veita spurn-ingum um „vandamál af vistrænu tagi“ aukna athygli (199–200). Það er á þessu augnabliki sögunnar sem gagnrýni listamannsins „myndar bandalag með hinni

³⁵ Anna Björk Einarsdóttir gerir sömu þróun ítarleg skil í gagnlegri umfjöllun um síðfordíska framleiðsluhætti og póstmóðerníska höfundarvirkni. Sjá Anna Björk Einarsdóttir, „Her af mér. Eða póstmóðernísk höfundarvirkni“, *Af marxisma*, Reykjavík: Nýhil, 2009, bls. 35–61.

³⁶ Luc Boltanski og Ève Chiapello, *The New Spirit of Capitalism*, bls. xxxvi–xxxvii.

vistrænu gagnrýni [...] eina sjónarhorninu sem ljær fjölbreytni og sérkennum veruleikans — mannverum, lífverum og í sumum útgáfum manngerðum hlutum — innra gildi“ (472). Eðli málsins samkvæmt samræmist slíkt sjónarhorn engan veginn neyslu- og söluvöruvæðingu „þeirra staða sem þykja einstakir [...] og náttúrufrýrbæra á borð við dýr [...], fljót, fjöll og önnur firnindi.“ (472)

Engu að síður eru augljós tengsl milli vistrænnar gagnrýni og þess sem Boltanski og Esquerre kalla *auðgunarhagkerfi* nútímakapítalisma.³⁷ Undir þennan framleiðsluhátt falla listaverk og munaðarvörur, en einnig menningarsvæði og áfangastaðir ferðamanna, þar sem „virðisaukning hluta byggir á frásögn — sem gjarnan teygir sig aftur í fortíðina — og gerir það að verkum að verðmæti hlutanna sem eru auðgaðir með þessum hætti kunni að aukast með tímanum.“³⁸

Hugmyndin um auðgunarhagkerfið kraumar raunar þegar undir í kenningum Boltanskis og Chiapello um hinn nýja anda kapítalismans. Þau lýsa því hvernig „kapítalismannum hefur tekist að smjúga um fjölmörg svið (ferðalög, menningarupplifanir, persónulega þjónusta, frístundir og áhugamál, og svo framvegis) sem lengi vel stóðu töluvert utan við meginstraum vöruskipta“ (442). Þá ræða þau ítarlega um þróun grænnar neysluhyggju (e. *green consumerism*), „sem gjarnan einkenndist, í það minnsta á mótunarárum sínum upp úr 1970, af gagnrýni á kapítalismann og neyslusamfélagið“ (447). Sem slík kunni græn neysluhyggja að

virðast eitt helsta vígi gagnrýni listamannsins um þessar mundir. Hún ljær náttúrunni gildi sem uppsprettu heilinda. Annars vegar er náttúran vettvangur þess sem er „eiginlegt“ og skal þar af leiðandi njóta verndar [...]. Hins vegar varðveitir hún líffræðilegan og fagurfræðilegan fjölbreytileika (landslag), en viðgangur hvors um sig er fjár-sjóður í sjálfa sér. Frá þessum sjónarhóli má gagnrýna framleiðsluvörur í ljósi skaðlegra áhrifa þeirra á umhverfið. (447)

Eigi tilgáta Boltanskis og Chiapello um innlimun kapítalismans á gagnrýni listamannsins við rök að styðjast heyrði slík gagnrýni sögunni til í Frakklandi á framkvæmdatíma Kárahnjúkavirkjunnar. Því mætti í fljótu bragði ætla að gagnrýni

³⁷ Luc Boltanski og Arnaud Esquerre, *Enrichissement. Une critique de la marchandise*, Paris: Gallimard, 2017; sömu höfundar, „Enrichment, Profit, Critique. A Rejoinder to Nancy Fraser“, *New Left Review* 106: júlí/ágúst/2017, bls. 67–76.

³⁸ Rainer Diaz-Bone, „An Interview with Luc Boltanski and Arnaud Esquerre on *Enrichment. A Critique of Commodities*“ (viðtal), *Theory, Culture & Society* 40: 7–8/2023, bls. 17–32, hér bls. 23.

listamannsins, eins og hún birtist í Frakklandi á sjöunda áratugnum, hafi verið máttvana í þeim félagslegu, siðferðilegu og hugmyndafræðilegu aðstæðum sem ríktu hérlandis í upphafi tuttugustu og fyrstu aldar. Sú gagnrýni listamannsins sem við beinum nú sjónum að virðist að einhverju leyti renna stoðum undir þessa tilgátu, ekki síst vegna þess að ýmsir gagnrýnendur Kárahnjúkavirkjunar úr röðum listafólks taka kapítalísmannum í einhverjum skilningi opnum örmum með hugmyndafræði auðgunarhagkerfisins að leiðarljósi.

Til að mynda átti Björk í ritdeildum við þingmanninn Árna Johnsen og lagði þá áherslu á tækifærin sem fælust í litlum og meðalstórum fyrirtækjum á landsbyggðinni, ekki síst þeim sem störfuðu á sviði menningarferðamennsku og hinna svonefndu skapandi greina.

Árni, þú hefur kannski rétt á því sem stoltur utanbæjarmaður að taka ekki við ráðleggingum frá listaspíru úr 101 Reykjavík [...], en af hverju að leggjast á hnéskeljarnar fyrir framan Alcoa fyrst þið eruð svona sjálfstæð og sjáfum ykkur nóg? Annars finnst mér ekki lengur rétt að stilla þessu álver-ekki-álver-rifrið upp eins og það sé landsbyggðin á móti Reykjavík [...] því síðustu ár hafa verið stofnuð alls konar fyrirtæki á landsbyggðinni. [...] T.d. Hvalasafnið á Húsavík, tónlistarfólk um allt land, háskólaþorpið á Hólum, Villimey á Vestfjörðum, Geoplank í Grindavík, Vogafjós í Mývatnssveit, fuglasafnið á Mývatni, Hvíldarklettur: sjóstangveiði fyrir vestan, Landnámssetrið í Borgarnesi, Strandagaldur: Galdrasetrið á Ströndum, Háskólinn á Akureyri hefur vaxið heilmikið, Sjóráningjasafnið á Patreksfirði, Aldrei fór ég suður-hátíðin á Ísafirði, Skálanes og Lunga á Seyðisfirði.³⁹

Sú áhersla á eitthvað annað en álver, sem kristallast í málflutningi Bjarkar, hafði þegar orðið Ósk Vilhjálmisdóttur tilefni til listasýningarinnar *Eitthvað annað* á Gallerí Hlemmi árið 2003. Eins og Æsa Sigurjónsdóttir bendir á, umbreytti Ósk táknrænu rými listarinnar í nágreanni biðstöðvarinnar á Hlemmi í „annars konar opinberan vettvang“.⁴⁰ Þar var almenningi boðið á rökstóla í nafni listarinnar til að ræða hvaða aðrir möguleikar væru í stöðunni, en uppbygging stóriðju og virkjanaframkvæmdir.

³⁹ Björk Guðmundsdóttir, „Fullorðinslegt?“, *Morgunblaðið*, 14. júní 2008, bls. 29.

⁴⁰ Æsa Sigurjónsdóttir, „Annars konar almannarými“, texti í handriti (skrifaður á íslensku í tilefni sýningar á verkum Óskar Vilhjálmisdóttur í Listasafni Reykjavíkur árið 2011 og síðar birtur á vefsíðu Óskar í enski þýðingu), 2011.

Ósk tók enn fremur höndum saman með leikkonunni Ástu Arnardóttur og skipulagði gönguferðir á Kárahnjúkasvæðinu á framkvæmdatímabilinu milli 2003 og 2008. Þessar listrænu aðgerðir, sem drógu dóm af ferðamannaiðnaðinum sem þá var að ryðja sér til rúms á Íslandi, voru ekki aðeins hugsaðar sem nýsköpun í ferðaþjónustu heldur spruttu þær beinlínis af róttækri andstöðu við framkvæmdirnar.⁴¹ Svæðið er afskekkt og fáir lögðu leið sína þangað áður en framkvæmdirnar hófust. Listamennirnir, sem þróuðu hugmyndina að gönguferðunum í leiðsögumannanámi, leiddu rúmlega sjöhundruð manns um svæðið áður en yfir lauk, sem urðu þannig vitni að þeirri miklu eyðileggingu ómetanlegs landslags, flóru og fínu (og þar með bæði fagurfræðilegrar og líffræðilegrar fjölbreytni) sem þar stóð fyrir dyrum.⁴²

Þó að gjörningurinn falli vel að skilgreiningunni á grænni neysluhyggju og auðgunarhagkerfinu þá styður hann ekki endilega þá Frakklands-miðuðu alhæfingu Boltanskis og Chiapello að gagnrýni listamannsins hafi á þessum árum lamast og orðið anda kapítalismans að bráð. Eins og Æsa Sigurjónsdóttir lýsir ágætlega má líta svo á að um sé að ræða tilraun til þess að innlima kapítalismann í gagnrýni listamannanna á stóriðjustefnu íslenskra stjórnvalda:

Í Kárahnjúkaverkefninu forðaðist Ósk táknrænt sýnigildi listarinnar. Hún nýtti sér þess í stað aðferðir atvinnulífsins og stofnaði ferðaskrifstofuna Augnablik ásamt vinukonu sinni Ástu Arnardóttur. Hún steig þar út úr listkerfinu inn í kerfi ferðaþjónustunnar og setti af stað ákveðna yfirtöku (e. *appropriation*), sem er algeng aðferð í samtímalistum. Hún gaf út kynningarbækling og ferðirnar voru seldar sem almennar göngu- og skoðunarferðir. Í bæklingnum kemur fram sterk tenging á milli ímyndar þjóðarinnar og landsins. Jafnframt því að upplýsa almenning um breytingar á landi og lífríki sem virkjunin hefði í för með sér lagði Ósk áherslu á náttúruupplifun og þátttöku einstaklingsins. Ferðirnar voru í raun hluti af fagurfræðilegu uppeldi og um leið viðleitni til að hafa áhrif á sjálfsmynd fólksins í landinu.⁴³

⁴¹ Ferðamannaiðnaðurinn, sem Boltanski og Chiapello töldu hinn nýja anda kapítalismans hafa „smogið“ um, og Boltanski og Esquerre áttu síðar eftir að flokka meðal framleiðslugreina auðgunarhagkerfisins, hefur eins og kunnugt er vaxið veldisvexti hérlandis frá því í aldarbyrjun.

⁴² Kvikmyndagerðarmaðurinn Ólafur Sveinsson fjallar með áhrifaríkum hætti um gönguferðir Óskar og Ástu í heimildamyndinni *Horfinn heimur*, Óli-Films, 2023.

⁴³ Æsa Sigurjónsdóttir, „Annars konar almannarými“.

Þessi yfirtaka fellur raunar prýðilega að þeirri grænu neysluhyggju sem Boltanski og Chiapello telja að hafi skotið skjólshúsi yfir gagnrýni listamannsins frá því í kringum 1970 en um leið á verkið margt skylt við hugsjónir náttúruhverfar þjóðernishyggju sem ræddar verða nánar hér á eftir.⁴⁴

Afstaðan í verkum Óskar og blaðaskrifum Bjarkar dregur dóm af skoðunum sem breski hagfræðingurinn E. F. Schumacher setti fram á tímum olúkreppunnar í bókinni *Small is Beautiful* (1973). Kjarninn í málflutningi Schumachers er sá að sníða verði hagkerfið að staðbundinni framleiðslu og þekkingu en forðast stórvirkar lausnir og óbeislaða neysluhyggju. Helsti boðberi slíkra hugmynda í íslensku menningar- og listalífi á framkvæmdatíma Kárahnjúka var rithöfundurinn Andri Snær Magnason, en í bók hans *Draumalandið* (2006) birtist hugmyndafræði auðgunarhagkerfisins með einkar skýrum hætti.⁴⁵ Sú hugmyndafræði er til að mynda í forgrunni þegar Andri Snær vikur að vísindaskáldsögu sinni *Lovestar* (2002) á síðum *Draumalandsins*:

Þegar ég skrifaði skáldsögu mína *Lovestar* þurfti ég að fá nokkrar nýjar og raunhæfar businesshugmyndir þar sem bókin fjallar um stórfyrirtæki í framtíðinni. Forstjóri fyrirtækisins átti að vera mesti frumkvöðull allra tíma, svokallaður raðfrumkvöðull sem stíklar frá einni hugmynd til annarrar. Í bókinni vildi ég búa til fyrirtæki sem vinnur eftir móttöku „ekkert stöðvar hugmynd“ [...]. Ein meginstoð í rekstri fyrirtækisins er LoveDeath, en LoveDeath gengur út á að skjóta látnu fólki út fyrir gufuhvolfið og láta það falla til jarðar sem stjörnuhrap. Dauðinn var svið sem enn var utan við „markaðinn“.⁴⁶

Að sjálfsögðu er hér um eintóman skáldskap að ræða. Engu að síður bætir Andri Snær við á næstu blaðsíðu að hann hafi heimsótt nemendur í MBA-námi í nýsköpunarfræðum ári eftir útgáfu *Lovestar* og rætt þar um efni bókarinnar undir svipuðum formerkjum: „Dauðinn er óplægður markaður, dauðinn er ennþá álitinn kostnaður, ekki neysla.“⁴⁷ Með hliðsjón af kenningum Boltanskis, Chi-

⁴⁴ Sjá einnig Æsa Sigurjónsdóttir, „Land mitt! Þú ert sem órættur draumur. Óráðin gáta. Fyrirheit!“ Um ódauðleika ægifygurðarinnar í Íslandsmyndabókum“, *Fegurðin er ekki skraut. Íslensk samtímaljósmyndun*, ritstjórar sama og Sigrún Alba Sigurðardóttir, Reykjavík: Fagurskinna, 2020, bls. 11–48.

⁴⁵ Um samanburð á hugmyndum Schumachers og Andra Snæs sjá Reinhard Hennig, *Umwelt-engagierte Literatur aus Island und Norwegen*, bls. 148 og áfram.

⁴⁶ Andri Snær Magnason, *Draumalandið*, Reykjavík: Mál og menning, 2007, bls. 23.

⁴⁷ Sama heimild, bls. 25. Í millitíðinni hefur þessi hugmynd verið raungerð, sjá Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, „Mannkynssagan sem söguleg skáldsaga“. Vangaveltur um sögu-

apello og Esquerre mætti túlka þessa tillögu sem tilraun til „virðisaukningar“ á lítt þróaðri atvinnugrein sem snýst um að veita „persónulega þjónustu“ í geira sem lengi vel stóð töluvert utan við meginstraum vöruskipta.⁴⁸ Andri Snær þróar hugmyndina, sem mætti lýsa sem hinni hinstu ferðapjónustu, í *Draumalandinu*: „Þetta væri 2000 manna fyrirtæki, 20% af þjóðarframleiðslu Íslands.“⁴⁹

Það er eftirtektarvert að einn af forkólfum umhverfisverndar á Íslandi hafi jafnframt tekið sér stöðu sem einn helsti boðberi þeirrar hugmyndafræði sem kenna má við auðgunarhagkerfið: „Það er algert offramboð hugmynda í heiminum. Þær eru eins og fjöldi sáðfruma miðað við fjölda kvenna sem geta gengið með barn. Sáðfruma er ekki barn og hugmynd er ekki listaverk og ekki fyrirtæki.“⁵⁰ Það er síður sjálf myndlíkingin sem vekur áhuga okkar hér, heldur mun fremur nánd listarinnar og hagkerfisins.⁵¹ Þessu næst endurómar Andri Snær, nánast bókstaflega, fyrrnefnd orð Boltanskis og Esquerre um þá rökvísi sem liggur auðgunarhagkerfinu til grundvallar: „Með einfaldri hugsun er hægt að fylla verðlausa hluti af sögu, gildi og merkingu og skapa þannig verðmæti úr engu.“⁵²

Um leið og Andri Snær dásamar möguleikana sem felast í fjölbreyttu atvinnulífi er byggir á ferðamennsku, hugbúnaðarþróun og líftækni fer hann hörðum orðum um ríkisvaldið og andlausa annað-hvort-eða hugsun þess: „Hagvöxtur eða hálendið?“⁵³ Hann skýtur föstum skotum á opinbera starfsmenn sem geti vart ímyndað sér aðra sviðsmynd en stóriðjuframleiðslu: „Annaðhvort bræðum

legan skáldskap og framgang hans hérlandis á þessari öld“, *Tímarit Máls og menningar* 2/2018, bls. 85–97, hér bls. 77–79. Bergljót skrifar meðal annars: „Þegar Andri Snær lét senda dauða menn með eldflaugum út í geiminn í *Lovestar* árið 2002, svo að þeir gætu seinna birst sínum nánustu sem hrapandi stjörnur, óraði hann t.d. naumast fyrir því, að fyrirtækið *Elycium Space* tæki árið 2013 til við að senda ösku látins fólks burt af hnettinum með slíkum flaugum og léti þær sveima um geiminn í tvö ár — áður en þær bærust til jarðar sem stjörnuhrap.“

⁴⁸ Mun ítarlegri lestur á *Draumalandinu* í ljósi kenningar Slavoj's Žižek um hugmyndafræði, óra og melankólíu má finna hjá Magnúsi Þór Snæbjörnssyni, „Er *Draumalandið* sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð?“

⁴⁹ Andri Snær Magnason, *Draumalandið*, bls. 26–27.

⁵⁰ Sama heimild, bls. 27.

⁵¹ Sjá einnig Hjörleifur Finnsson og Davíð G. Kristinsson, „Sápukúlur tiskunnar“. Um *Bréf til Maríu* eftir Einar Má Jónsson (ritdómur), *Hugur* 19/2008, bls. 142–178, hér nmgr. 98: „Orðræðugreining Andra Snæs á virkjanaumræðunni er að mörgu leyti vel heppnuð, en þegar hann tekur að stilla upp valkostum við virkjanir samlagast hann að einhverju leyti hugmyndafræðilegri orðræðu nýfrjálshyggjunnar sem upphéfur sköpunar- og hugmyndamátt einstaklingsins. Það kann að vera þessi samlögun sem tryggði honum Frelsis-skjöld Kjartans Gunnarssonar sem samband ungra sjálfstæðismanna veitir.“

⁵² Andri Snær Magnason, *Draumalandið*, bls. 27.

⁵³ Sama heimild, bls. 83.

við ál eða við verðum rekin úr nútímanum. Vísað aftur í sauðskinnsskóna.“⁵⁴ Enn fremur ræðir Andri Snær líkindin á milli eigin gagnrýni á tækniræði ríkisins og deilna um virkjanamál sem Halldór Laxness stóð í við Jakob Björnsson, fulltrúa Orkustofnunnar, í upphafi áttunda áratugarins.⁵⁵ Andri Snær dregur upp skopmynd af Jakobi sem ofurrökvísu sigggrónum skrifræðissinna sem lætur sig dreyma um að hámarka fjölda vatnsaflsvirkjana á hálendinu. Sjálfur skrifar Jakob: „Ef íslenska þjóðin ætlar sér að búa í landinu við svipuð efnaleg lífskjör og þau gerast bezt annars staðar, verður hún að gjörnýta auðlindir landsins“.⁵⁶ Í svari sínu við afstöðu Jakobs ári síðar sótti Laxness til hugmyndarinnar um töfra eða helgi landsins, og endurómar þannig gagnrýni listmannsins á aftöfrun kapitalismans:

Ég sagði að vandamálið væri ekki stóriðja sem dembt væri yfir okkur með offorsi að nauðsynjalaus. Vandamálið er oftrú þeirra í Orkustofnun á endalausar málmbæðslur sem eigi að fylla þetta land. Þá fyrst er land og lýður í háska þegar svona kontór ætlar með skírskotun til reikningsstokksins að afmá eins marga helga staði Íslands og hægt er að komast yfir á sem skemstum tíma; drekkja frægum bygðarlögum í vatni.⁵⁷

Í stað þess að eyðileggja helga staði og gera þjóðina að þrælum erlendra stórfyrirtækja, sem stunda iðju sem „heimtar óvenjumikið rafmagn en fáar hendur“,⁵⁸ leggur Laxness í anda Schumachers áherslu á kostina sem felast í smáum og fjölbreyttum iðnaði og staðbundinni framleiðslu. Þannig vísar hann fram á veginn til orðræðu auðgunarhagkerfisins sem réði lofum og lögum í upphafi tuttugustu og fyrstu aldarinnar. Um leið skírskotar málflutningar hans til hugmyndarinnar um töfra eða helgi landsins og endurómar viss aðalatriði í gagnrýni listamannsins sem koma munu nánar við sögu í umfjöllun okkar um hina náttúruhverfu þjóðernishyggju hér á eftir.

Upp úr aldamótum, þegar gagnrýni listmannsins á kapitalismann hefur fódrað hinn nýja anda hans um nokkurra áratuga skeið, finnur Andri Snær sig sem sagt knúinn til að brydda upp á „einhverju öðru“ en stóriðju í gagnrýni sinni

⁵⁴ Sama heimild, bls. 207.

⁵⁵ Halldór Laxness, „Hernaðurinn gegn landinu“, *Yfirsýggðir staðir. Ýmsar athuganir*, Reykjavík: Helgafell, 1971, bls. 125–140, hér bls. 131.

⁵⁶ Jakob Björnsson, „Um náttúruvernd með sérstöku tilliti til virkjana á Íslandi“, *Samvinnan* 2/1970, bls. 23–27, vitnað eftir Andra Snæ Magnasyni, *Draumalandið*, bls. 161.

⁵⁷ Halldór Laxness, „Hernaðurinn gegn landinu“, bls. 131.

⁵⁸ Sama heimild, bls. 130.

og endurómar þannig grundvallarþætti í orðræðu auðgunarhagkerfisins: „Á bak við hverja 50.000 ferðamenn eru [...] tvöfalt fleiri og fjölbreyttari störf og stærri flóra fyrirtækja en af 200.000 tonnum af áli.“⁵⁹

Mikilvægt er þó að gefa blæbrigðunum í málflutningi Andra Snæs gaum. Um leið og hann mærir kosti auðgunarhagkerfisins er hann til að mynda skorinorður í gagnrýni sinni á tilraunir Landsvirkjunar til að hagnast á táknrænu auðmagni listamanna:

Til að mæta andstöðu og mikilli sjálfböðavinnu fjölmargra listamanna gerðist orkufyrirtækið sérlegur listvinur. Efnt var til átaksins ‚List í orkustöðvum‘. Það kostaði 23,5 milljónir árin 1999–2002. Þar af nam auglýsingakostnaður 18,5 milljónum króna. [...] Ímyndin um að fyrirtækið styrki listina skipti meira máli en listin sjálf.⁶⁰

Þótt Andri Snær boði fagnaðarerindi nýsköpunarinnar og hins græna auðgunarhagkerfis, þá er hann andsnúinn virkjun listanna í þágu Landsvirkjunar og kapítalisma alþjóðlegrar stóriðju. Fyrir vikið er afstaða hans óneitanlega flóknari en svo að afgreiða megi hana umhugsunarlaust sem dæmi um að gagnrýni listamannsins hafi orðið hinum nýja anda kapítalismans að bráð, eða sé í lamasessi vegna innlimunar á inntaki hennar.

Helgimyndir náttúruhverfar þjóðernishyggu

Hér látum við staðar numið í greiningu á hugmyndafræði auðgunarhagkerfisins og snúum okkur að þræði sem Boltanski og Chiapello missa alfarið sjónar á í umfjöllun sinni um gagnrýni listamannsins, en vegur þungt í framsetningu hennar við síðustu aldamót hér á landi. Það sem um ræðir eru markverð tengsl náttúrunnar, töfra hennar, helgi og heilinda, við rómantíska þjóðernisvitund nítjándu aldarinnar.

Á þeim tíma sem Parísarbúinn og bóheminn Baudelaire „mótaði grundvöllinn“ (38) að gagnrýni listamannsins á kapítalismann var Ísland afskekkt

⁵⁹ Andri Snær Magnason, *Draumalandið*, bls. 254.

⁶⁰ Sama heimild, bls. 213. Löng hefið er fyrir list í orkustöðvum á Íslandi. Ásmundur Sveinsson vann lágmyndina „Ljósberi“ (1937) á framhlið stöðvarhúss Ljósafossvirkjunar. Sigurjón Ólafsson gerði stærsta skúlptúr sinn á stöðvarhúsi Búrfellsvirkjunar á árunum 1966–1969. Á framhlið stöðvarhússins við Hrauneyjafosstöð er verkið „Á móti straumnum“ (1985) eftir myndlistarmanninn Hafstein Austmann. Verkið „Sólalda“ (1997) eftir Sigurð Árna Sigurðsson bar sigur úr býtum í samkeppni um að prýða vegg inntaksstöðvarinnar á Sultartanga. Þá voru verkin „Móðir jörð“ (2005) eftir Gjörmingaklúbbinn og „Tíðni“ (2005) eftir Finnþoga Pétursson valin sem útilistaverk við Vatnsfellsvirkjun í lokaðri samkeppni Landvirkjunar.

ósjálfstætt ríki án innviða borgarsamfélags eða iðnaðar. Gagnrýni listamannsins mótaðist þannig í miðstýrðu og iðnvæddu nýlenduveldi á nítjándu öld þar sem borgarastétt menningarframleiðenda gat markað sér töluverða sérstöðu og frelsi í sérhæfðu stórborgarsamfélagi, en Ísland var aftur á móti fátækur hluti Danaveldis sem sjálft var fremur skammt á veg komið í iðnvæðingu en státaði þó af nútímalegri höfuðborg. Fámenn íslensk menningarelíta sótti sér menntun til Kaupmannahafnar þar sem talsmenn íslensku sjálfstæðisbaráttunnar virtust hafa mun meiri áhyggjur af einokun og undirokun nýlenduherranna en þeim óhlutbundnu hugmyndum um hagskipulag kapítalismans sem hreiðruðu um sig á meginlandinu. Aftur á móti öðlaðist íslensk náttúra, sem var orðin að fagurfræðilegu viðfangsefni úr fjarska höfuðstaðarins í Danmörku, einstakan hugmyndafræðilegan sess á þessum tíma.⁶¹

„Þannig boðuðu Fjölnismenn,“ fullyrðir Guðmundur Hálfðanarson í bók sinni *Íslenska þjóðríkið. Uppruni og endimörk*, „með náttúrufræðinginn Jónas Hallgrímsson í fararbroddi, í senn rómantíska þjóðernisvitund og tilfinningaríka og skilyrðislausu ást til landsins.“⁶² Hann álítur þó að náttúran hafi tæplega „leikið lykilhlutverk í íslenskri sjálfstæðisbaráttu“ framan af, þar sem tungumál og menningararfur þjóðarinnar hafi vegið þyngra.⁶³ Enn fremur hafi hin rómantíska náttúrusýn oftast „verið lituð nytjahyggjunni, enda var kjörum yfirgnæfandi hluta landsmanna þannig háttað á þessum tíma að brýnna þótti að bæta efna-haginn og nýtingu landgæða en mæra fegurð landsins“.⁶⁴ Aftur á móti greinir hann verulegar breytingar í þróun þjóðernishugmynda eftir því sem tuttugustu öldinni vindur fram, því svo „virðist sem orðræða sjálfstæðisbaráttunnar hafi að nokkru endurfæðst í umræðunni um náttúruvernd á síðustu árum og beint henni í nokkuð sérstakan farveg.“⁶⁵ Guðmundur ritar meðal annars: „Ávallt hafa staðið deilur um virkjun fallvatna á Íslandi, en mestalla [tuttugustu] öldina snerist ágreiningurinn fremur um erlent eignarhald á fossum og raforkufyrirtækjum en framkvæmdirnar sjálfar.“⁶⁶ Í þessu samhengi ber hann saman umræður á Alþingi um álversframkvæmdir Alusuisse hér á landi á sjöunda áratugnum og

⁶¹ Sjá til dæmis Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið. Uppruni og endimörk*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2001, sér í lagi kaflann „Náttúran í íslenskri þjóðernisvitund“, bls. 191–216 og Sveinn Yngvi Egilsson, *Náttúra ljóðsins. Umlwerfi íslenskra skálda*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2014, sérstaklega kaflann „Land, þjóð og tunga í ljóðum þjóðskálda 19. aldar. Jónas Hallgrímsson og France Prešeren“, bls. 51–66.

⁶² Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 194.

⁶³ Sama heimild, bls. 197.

⁶⁴ Sama heimild, bls. 200.

⁶⁵ Sama heimild, bls. 197.

⁶⁶ Sama heimild, bls. 208.

samninga við álbræðsluna Columbia Ventures um álver í Hvalfirði á tíunda áratugnum.

Í fljótu bragði má draga þá ályktun að staða náttúrunnar í þjóðernisvitund Íslendinga sé að breytast á tvennan hátt; í annan stað virðist sem nytjahyggjan, sem hefur drottnað í viðhorfum Íslendinga til umhverfisins, sé á undanhaldi og í hinn er sem náttúran sé að taka við af tungumálinu og menningunni sem helsta viðmið íslenskrar þjóðernisstefnu — eða mikilvægasta tákni þess sem gerir okkur að Íslendingum og greinir okkur frá öðrum þjóðum.⁶⁷

Guðmundur ræðir ýmsar orsakir þessarar þróunar, til dæmis þær að sífellt fleiri Íslendingar búi á höfuðborgarsvæðinu þar sem síður þurfi að kljást við óblið náttúruöfl dag frá degi. Auk þess hafi hálendi og öræfi landsins á síðustu áratugum tuttugustu aldarinnar orðið mun aðgengilegri, ekki síst vegna sístækkandi jeppaflota þjóðarinnar. Loks leiðir hann að því líkum að nytjasjónarmið búi ef til vill að baki auknum áhuga margra Íslendinga á náttúruvernd,⁶⁸ því menn sjái í hendi sér að vaxandi ferðaþjónusta hérlandis verði að reiða sig á tilvist ósnortinna víðerna og óspilltrar náttúru. Þessum nytjasjónarmiðum bregður vissulega fyrir í þeirri orðræðu auðgunarhagkerfisins sem þegar hefur verið tekin til umfjöllunar.⁶⁹

Aftöfrun, óheilindi og klúgun, meginviðfangsefnið í gagnrýni listamannsins allt frá dögum Baudelaire, birtast því í nýju samhengi í gagnrýni listamannsins á álversframkvæmdir hérlandis við síðustu aldamót. Þetta fer ekki á milli mála í *Drauma-*

⁶⁷ Sama heimild, bls. 210. Sigríður Þorgeirsdóttir sér áþekka þróun varðandi Íslands-mynd Þjóðverja: „Þrátt fyrir hugmyndafræðilega misnotkun nasista á norrænum goðsagnaarfi hefur Ísland haldið áfram að heilla marga Þjóðverja. En hugmyndin um Ísland hefur breyst. Áherslan hefur færst frá sagnaarfinum yfir á náttúru Íslands. [...] Óvíða er jafn mikil umræða um umhverfismál og náttúruvernd eins og í Þýskalandi.“ Sigríður Þorgeirsdóttir, „Klisjur og draumsýnir um Ísland“, *Morgunblaðið*, 18. desember 2005, bls. 46.

⁶⁸ Fjórum árum síðar virðist Guðmundur Hálfðanarson ekki þeirrar skoðunar að þessi áhugi Íslendinga á náttúruvernd fari vaxandi: „Það er því ekkert sem bendir til þess að umhverfisáhyggjur séu ofar á dagskrá Íslendinga í dag en þær voru fyrir nokkrum áratugum – ef eitthvað er, þá virðist umhverfisverndarhreyfingin hafa verið áhrifaríkari í lok sjöunda og byrjun áttunda áratugarins.“ Guðmundur Hálfðanarson, „Sustaining Economic Development or Preserving Nature? Environmental Politics in Iceland“, *The Challenge of the Baltic Sea Region. Culture, Ecosystems, Democracy* Göran Bolin og fleiri, Huddinge: Södertörn University, 2005, bls. 189–200, hér bls. 196, okkar þýðing.

⁶⁹ Magnús Þór ræðir enn fremur með ítarlegum hætti um samspil náttúruverndar og þjóðernishyggju á tímum Kárahnjúkavirkjunar. Magnús Þór Snæbjörnsson, „Er Draumalandið sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð?“

landinu þar sem Andri Snær frábiður sér tækniræði Landsvirkjunar og annarra stofnana í eigu ríkisins og fordæmir kúgandi hugmyndafræði ríkisvaldsins með hætti sem minnir einna helst á skrif George Orwell:⁷⁰ „Einn tæknilegur möguleiki og einn orkugjafi breyttust í hugmyndafræði. Upplýsing, sannleikurinn og fegurðarskyn þjóðar urðu óvinir markmiðanna“, skrifar Andri Snær.⁷¹ Í þessu „[h]eróinhagkerfi“⁷² virðist náttúrufræðingurinn standa í vegi fyrir auknum hagvexti: „Fegurð Íslands er kjarni ímyndar Íslands og sjálfsmyndar þjóðarinnar. [...] Fegurðin varð höfuðóvinur framkvæmdarinnar. Ljósmyndarar voru sakaðir um að ýkja fegurð Íslands.“⁷³ Meira að segja þjóðin sjálf – þetta „ímyndaða samfélag“⁷⁴ – virtist sökum nytjasjónarmiða blind á þessa fegurð: „Þjóð sem kann ekki að meta fyrirbæri eins og Mývatn og Þjórsárver og er ólæs á slík verðmæti er eins og Ítali sem sér Colosseum aðeins sem hentugt efni í vegfyllingu.“⁷⁵ Ljóst er af málfutningi Andra Snæs að það er fyrst og fremst ríkisvaldið sem botnar hvorki í því hvað er fagurt eða einstakt og lætur sig líffræðilegan og fagurfræðilegan fjölbreytileika lífs og lands litlu varða: „[M]eð því að gangast við svo þröngu verðmætamati sköpum við okkar eigin fátækt“. Þessi sýn er undirstrikuð þegar Andri Snær ræðir um möguleika annarrar atvinnuþróunar og leggur áherslu á að stóriðjustefnan förnei „svæði sem er fjölbreytt líffræðilega, sögulega og jarðfræðilega“.⁷⁶

Þessi orð kallast ekki aðeins á við umfjöllun Boltanskis og Chiapello um vist-ræna gagnrýni og tengsl hennar við græna neysluhyggju og auðgunarhagkerfið. Það er jafnframt hamrað á hinni rómantísku þjóðernisvitund og tilheyrandi andúð á erlendra kúgun, sem og þeirri aftöfrun náttúrunnar sem finna má stað í orðum Laxness hér að ofan. Fyrir tilstilli ríkisins er fegurðinni förnað til þess „að knýja *verstu fyrirtæki í heimi*“.⁷⁷ Í ergelsi yfir ástandinu svarar Andri Snær áróðri með áróðri. Hann fer hörðum orðum um „alræðislega“ hugmyndafræði stjórn-

⁷⁰ Sjá einnig Reinhard Hennig, „Postcolonial Ecology“, bls. 118.

⁷¹ Andri Snær Magnason, *Draumalandið*, bls. 247. Hér birtist með afar skýrum hætti ósamrýmanleiki hinnar náttúruhverfu þjóðernisvitundar Fjölnismanna og nytjasjónarmiðsins, sem Guðmundur Hálfðanarson tengir sérstaklega við málfutning Jóns Sigurðssonar.

⁷² Sama heimild, bls. 252.

⁷³ Sama heimild, bls. 240.

⁷⁴ Sjá Benedict Anderson, *Imagined Communities. Reflections on the Origin and Spread of Nationalism*, London og New York: Verso, 1983.

⁷⁵ Andri Snær Magnason, *Draumalandið*, bls. 166.

⁷⁶ Sama heimild, bls. 239. Sjá enn fremur skrif Sveins Yngva um *sjónræna fjölbreytni* í ljóðum Jónasar Hallgrímssonar og umhverfisfræðum samtímans. Sveinn Yngvi Egilsson, *Náttúra ljóðsins*, bls. 60–63.

⁷⁷ Andri Snær Magnason, *Draumalandið*, bls. 196.

valda og Landsvirkjunar, líkt og við einræðisharðstjórn sé að eiga. Hann gengur svo langt að lýsa stóriðjustefnunni með orðaleiknum „Sovétríki í ríkinu“.⁷⁸ Enn fremur ræðir hann um „einræðisríki orkugeirans“ og splæsir slagorði Landsvirkjunar „Hreint land, hrein orka“ á skjaldamerki Norður-Kóreu.⁷⁹ Þar með inn-siglar hann táknsamband ríkisins og Landsvirkjunar við spiltt erlend öfl um leið og hann undirstrikar fagurfræðilegt gildi náttúrunnar.⁸⁰

Það örlar á sömu stefnum í fyrrnefndri grein Bjarkar, sem fléttar hugmyndafræði auðgunarhagkerfisins, þjóðernishyggju sjálfstæðisbaráttunnar og velgengni nýsköpunarfyrirtækja saman við kunnugleg nöfn úr íslenskrri sögu, þar á meðal sjálfstæðishetjunnar Jóns forseta:

Miklu hefur nú þegar verið áorkað, t.d. Bláa lónið (það tók þá 10 ár að fá leyfi fyrir rekstrinum, þetta þótti svo útópískt), Icelandair, Össur, Marel, Marorka, hvalaskoðunin og safnið á Húsavík og 3X stál á Ísa-firði. Það vinna 350 manns í ccp í dag við tölvuleiki upp úr hugmynd sem einn maður fékk fyrir 10 árum. Svo má ekki gleyma koltrefja-verksmiðjunni á Sauðárkróki sem mun útvega 60 störf. Mengar lítið, hugsar fram á við! (Flugvélar framtíðarinnar verða ekki smíðaðar úr áli heldur koltrefjum.) Þetta og fleira er í grasrótinni sem á eftir að vaxa, dafna, gróa í heila öld og lengur og þá er ekki búið að telja upp nærri allt því eins og Jón Sigurðsson vissi, Ólafur Thors vissi og Hall-dór Laxness vissi og við allir Íslendingar vitum ef við setjum höndina á hjartað, bæði álverssinnar og náttúruverndarsinnar, að fátt er eins göfugt og gott fyrir íslensku þjóðina og hlutir sem við höfum sjálf byggt frá grunni, þótt það hafi verið rosa erfitt og tekið miklu lengri tíma en hefðum við verið í þjónustu útlandinga. Þar uppskerum við.⁸¹

⁷⁸ Sama heimild, bls. 198.

⁷⁹ Sama heimild, bls. 173, 187.

⁸⁰ Í þessu samhengi er mikilvægt að gaumgæfa blæbrigðin í greiningu Magnúsar Þórs á *Draumalandinu*, en hann skrifar: „Það er áhugavert að í *Draumalandinu* kemur hvergi fram bein trú á hugmyndina um Ísland, til dæmis ber aldrei á öðru en fullri vissu um að hugmyndir um hreinleika íslenskrar náttúru séu aðeins órar. Aftur á móti er greinilegt að trúin felst í því að aðrir trúu, þ.e. útlandingar, og að ástæða sé til að hafa áhyggjur af því að þeir missi trúna.“ Magnús Þór Snæbjörnsson, „Er *Draumalandið* sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð?“, bls. 484. Í túlkun Magnúsar Þórs hefur Andri Snær áhyggjur af því að erlendu ferðamennirnir missi trúna á hreinleika íslenskrar náttúru sem hann trúi ekki á sjálfur. Í verki Óskar Vilhjálmssdóttur, sem er til umfjöllunar hér að neðan, beinast áhyggjurnar aftur á móti einmitt að þessari trú (þýsku) ferðamannanna.

⁸¹ Björk Guðmundsdóttir, „Fullorðinslegt?“, bls. 29.

Samsláttur gagnrýni listamannsins, náttúruhverfrar þjóðernishyggju og andófs gegn nytjasjónarmiðum er hvergi sýnilegri en í samsköpunarverkinu *Eyjabakkagjörningur* (1999). Hann fór fram samhliða mótmælum gegn virkjanaáformum á Eyjabakka, sem stefndu einstöku vistkerfi næststærsta votlendissvæðis landsins í bráða hættu en voru síðar slegin út af borðinu þar sem virkjunin var ekki nægjanlega stór til að standa undir orkuþörf vegna álversins á Reyðarfirði. Í staðinn var ráðist í gerð Kárahnjúkavirkjunar.

Hátt í annað hundrað mótmælendur tóku þátt í *Eyjabakkagjörningnum* sem Rúrí og Harpa Arnardóttir leiddu. Hópurinn hittist við rætur Snæfells og gekk sem leið lá eftir fyrirhuguðu stíflustæði með sextíu og átta blágrýtissteina í fanginu. Á hvern stein var eitt orð letrað en steinunum var komið fyrir með reglulegu millibili á þriggja kílómetra leið. Saman mótuðu steinarnir fyrsta erindi íslenska þjóðsöngsins „Ó, Guð vors lands“. Kanadíski mannfræðingurinn Anne Brydon, sem var sjálf þátttakandi, skrifar:

Eyjabakkagjörningurinn var ástríðufullur og þrunginn þjóðernisvitund, herferð til varnar náttúrunni. Með því að breyta óafmarkaðri mýri á „ritúalískan“ hátt í afmarkað svæði þar sem samband þjóðar og náttúru hlaut helgan sess, gróf gjörningurinn undan þeirri ráðandi samsvörun sem verið hefur á milli þjóðerniskenndar og efnahagslegrar þróunar á vegum ríkisins. Náttúran og sagan hafa löngum verið grundvöllur menningar og táknerfa sem íslenska þjóðin notar til að skilgreina sjálfa sig. Gjörningurinn byggðist á þessum grunni og þar var sett á svið vígsluathöfn sem umbreytti Eyjabökkum úr náttúrulegri neysluvöru fyrir iðnað í helgan reit, óaðskiljanlegan hluta þjóðarinnar.⁸²

Í *Eyjabakkagjörningnum* er hagræn hugmyndafræði og það nytjasjónarmið sem lengi einkenndi íslenska náttúrusýn víðs fjarri en helgimyndum náttúruhverfrar þjóðernishyggju skipað í öndvegi.

Þessar helgimyndir voru í vissum skilningi afskræmdar í verkinu *Scheißland* sem Ósk Vilhjálmsdóttir setti upp á menningarhátíðinni Íslandsmyndir sem Þýsk-íslenska vínafélagið stóð fyrir í Köln síðla árs 2005.⁸³ Gjörningur Óskar var hvöss ádeila sem tókst á við tvískinnung í framandgervingu Íslands sem

⁸² Anne Brydon, „Náttúran, mótmæli og nútíminn. Náttúrusýn Íslendinga með augum gestsins“, *Tímarit Máls menningar* 62: 2/2001, bls. 45–49, hér bls. 48.

⁸³ Utanríkisráðuneytið, „Menningarhátíðin Íslandsmyndir“ í Köln 18.–26. nóvember 2005“, *Stíklur um menningar- og landkynningarmál* 2/2005.

ósnortinnar náttúruþerlu í hinu háa norðri. Ósk gagnrýndi „öfugmælanáttúru“ Íslendinga með áþekkum hætti og Halldór Laxness rúmum aldarþriðjungi fyrir.⁸⁴ Meðal þess sem fyrir augu bar í hvítum sýningarsalnum var eftirfarandi orðsending á þýsku, máluð með blóðrauðum stöfum:

Í Skítlandi er allt að fara í skít. Skítþjóðverjarnir elska Skítland. Þeir halda að Skítlendingarnir lifi í sátt við náttúruna. Skítþjóðverjarnir sjá skítálf eða skíttroll í hverjum einasta Skítlendingi. Á hálendi Skítlands mun verða til risastórt skítlón svo að amerískt skítfyrirtæki geti keypt ódýra skítorku til þess að reka stóra skítálbraðslu. Þetta risavaxna skítverkefni mun eyðileggja hálendi Skítlands. Skítlendingarnir halda að þeir muni græða fullt af skítþeningum. Nú hafa skítþýskir listasafnstjórnar sett upp sýningu á skítlist frá Skítlandi.⁸⁵

Gjörningur Óskar er skyldur *Eyjabakkagjörningnum* að því leyti að hún dregur í raun ekki úr upphafningu íslenskrar náttúru sem ósnortinnar, einstakrar eða verðmætrar í sjálfri sér.⁸⁶ Þvert á móti dregur orðaleikurinn *Scheiðland* beinlínis fram slíkt merkingarsvið og undirstrikar fall þjóðarinnar af hinum upphafna náttúrustalli ofan í skítinn. Frá sjónarhorni Óskar, sem endurómar gagnrýni listamannsins á aftöfrun og óheilindi kapítalismans, stefnir skíturinn „skilningi á því sem er fagurt og dýrmætt“⁸⁷ í bráða hættu. Skíturinn virðist stafa öðru fremur af spillingu og mengun alþjóðlegrar stóriðju og undirgefni íslenskra stjórnmála við álframleiðslu.

Enn fremur leikur Ósk sér að vissri tvíræðni sem hlýst af þeirri merkingartilfærslu sem forskeytið *skít*- hefur í för með sér. Hún teflir fram þeirri hugmynd


⁸⁴ „Af öfugmælanáttúru sem íslendingum er lagin, kappkosta sumir okkar nú að boða þá kenningu innan lands og utan, einkum og sérílagi þó í ferðaauglýsingum og öðrum fróðleik handa útlandingum, að Ísland sé svo landa að þar gefi á að líta óspilta náttúru. [...] Hið sanna í málinu vita þó allir sem vita vilja, að Ísland er eina landið í Evrópu sem er gerspilt af mannavöldum.“ Halldór Laxness, „Hernaðurinn gegn landinu“, bls. 125.

⁸⁵ Texti Óskar Vilhjálmssdóttir í þýðingu Sigríðar Þorgeirsdóttur í greininni „Klisjur og draumsýnir um Ísland“, bls. 46.

⁸⁶ Um verk Óskar *Scheiðland* sjá einnig greinar Ann-Sofie Nielsen Gremaud, „Ísland sem rými annarleikans. Myndir frá bókasýningunni í Frankfurt árið 2011 í ljósi kenninga um dul-lendur og heterótópíur“, þýðandi Salvör Aradóttir, *Ritið* 1/2012, bls. 7–29, hér bls. 25; Ann-Sofie Nielsen Gremaud, „Power and Purity. Nature as Resource in a Troubled Society“, *Environmental Humanities* 5(1) 2014, bls. 77–100, hér bls. 89–95. Í síðari greininni ræðir Gremaud auk þess önnur íslensk listaverk sem bera vott um gagnrýna afstöðu til álframleiðslu, „Geirfugl“ (1998) eftir Ólöfu Nordal og „Drulla-Scheisse-Mud“ (2007) eftir Hlyn Helgason.

⁸⁷ Luc Boltanski og Ève Chiapello, *The New Spirit of Capitalism*, bls. 38.

að hið eiginlega sé að eilífu glatað sem birtist einna skýrast í þeim misskilningi að svonefndir „Skítlendingar“ lifi í sátt og samlyndi við náttúru „Skítlands“. Aftur á móti fer ekki á milli mála að hið óeiginlega tengist fremur erlendum yfirráðum en kapitalískri framleiðslu sem slíkri. Þessi yfirráð koma úr tveimur áttum í verki Óskar, annars vegar í þeirri ósvífnu aðdáun „Skítþjóðverjanna“ að elska „Skítland“ og hins vegar frá „amerísku skítfyrirtæki“ og hinu „risavaxna skítverkefni“ þess. Þó eru það Íslendingarnir sjálfir sem eru tvöfaldir í roðinu, eins og heimspekingurinn Sigríður Þorgeirsdóttir leggur áherslu á í greiningu sinni á verkinu.⁸⁸ Á meðan Þjóðverjar og Bandaríkjamenn eru vissulega með drulluna upp á bak virðist staðan enn alvarlegri hjá Íslendingum sem hafa alfarið glatað því sem einkennir þá sem þjóð. Í stað þess að skitnum sé skeytt framan við heiti landsins, eins og í tilviki Þjóðverjanna, hefur hann hreinlega máð þjóðernið út. Aftöfrun og óheilindi, tvö meginatriði í gagnrýni listamannsins, koma þannig við sögu í þessari endurnýjuðu gagnrýni sem snýr helgimyndum náttúruhverfarar þjóðernishyggu á hvolf.



Mynd 1: *Schießland* eftir Ósk Vilhjálmisdóttir, birt með leyfi listamannsins.

⁸⁸ Sigríður Þorgeirsdóttir, „Klisjur og draumsýnir um Ísland“, bls. 46.

Í kringum aldamótin síðustu tóku helgimyndir íslenskrar náttúru sér líka ból-festu í listsköpun íslenskra tónlistarmanna sem voru í auknum mæli að hasla sér völl erlendis. Myndband franska leikstjórans Michel Gondry við lag Bjarkar *Jóga* (1997) ruddi nýja braut í þessum efnum og innsiglaði þau tengsl landsins og íslenskrar tónlistar sem mótafst höfðu í útrás á erlendum vettvangi.⁸⁹ Sigur Rós fylgdi síðan fast á eftir landvinningum Bjarkar. Magnað samspil þessarar náttúrudýrkunar og gagnrýni á Kárahnjúkavirkjun er að finna í heimildar-myndinni *Heima* eftir kanadíska leikstjóran Dean DeBlois.⁹⁰ Hér er um lotn-ingarfulla upphafningu íslenskrar náttúru að ræða en myndin hverfist um röð tónleika sem Sigur Rós hélt umhverfis landið, í litlum félagsmiðstöðvum, yfir-gefnum fiskvinnslum og á hálendinu. En þó að fjölmargir hafi fetað í fótspor þeirra — til dæmis Kaleo sem í myndbandi við „Save yourself“ (2016) flytur tón-list sína fljótandi á ísjaka á Jökulsárlóni — hafa tengsl þessarar fagurgervingar og umhverfisverndar sjaldan verið afdráttarlausari en í listsköpun Bjarkar og Sigur Rósar. Andstaða við virkjanaframkvæmdir við Kárahnjúka undir formerkjum tónlistarinnar náði vissu hámarki með tónleikum sem þau skipulögðu árið 2008: *Náttúra — Tónleikar til stuðnings náttúruvernd á Íslandi*.

Sú alþjóðlega markaðssetning sem tengdist íslenskri tónsköpun í aldarbyrjun átti sterka samleið með uppgangi ferðaþjónustunnar og tilheyrandi eflingu auðg-unarhagkerfisins (að einhverju marki í boði Icelandair og Airwaves hátíðarinnar sem hóf göngu sína árið 1999). Svo mikið er víst að aukning ferðamanna hér-lendis vekur vissulega aðrar umhverfisspurningar en þær sem tengjast glötun hálendisins. Þær varða til að mynda umhverfisáhrif farþegaflutninga í lofti og álagið sem fjölgun ferðamanna hefur í för með sér á umhverfi, innviði og dreifð-ari byggðir í landinu.

⁸⁹ Um *Jóga* sem „þjóðsöng“ Íslendinga sjá Nicola Dibben, „Nature and Nation. National Identity and Environmentalism in Icelandic Popular Music Video and Music Docu-mentary“, *Ethnomusicology Forum* 18: 1/2009, bls. 131–151. Útrás slíkrar fagurfræði í ís-lenskum tónlistarmyndböndum er þó að leita í öllu eldra myndbandi úr smiðju Friðriks Þórs Friðrikssonar við lag Sykurmolanna *Birthday*. Sjá einnig umræðu Guðmundar Hálf-danarsonar, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 207–208.

⁹⁰ Um hugmyndafræðina í *Heima* sjá Þorbjörg D. Hall, „Nostalgic Ideology in the Film ‚Heima‘ by the Icelandic ‚Krutt‘ Band Sigur Rós“, *Social Alternatives* 33: 1/2014, bls. 39–43. Það má velta fyrir sér hvort sú náttúrudýrkun sem einkennir íslensk tónlistarmynd-bönd í kringum aldamótin eigi sér samsvörum í þeirri náttúruhverfu þjóðernishyggju sem Guðmundur Hálfðanarson greinir í málflutningi íslenskra náttúruverndarsinna á síðasta áratug tuttugustu aldar. Frá sjónarhóli náttúruverndarsinna er áherslan á náttúruna nær-tæk þar sem að hún (en ekki tungumálið eða menningin) er það sem vernda á. Áhersla tónlistarmanna í útrás á íslenska náttúru kemur aftur á móti til af öðrum hagnýtum ástæð-um: tungumálið og menningin henta síður til útflutnings en fágæt íslensk náttúra sem greinir okkur frá öðrum þjóðum en er þó auðvelt er að miðla með alþjóðlegu myndmáli.

Íslenskir listamenn hafa verið gagnrýndir fyrir að hafa misst sjónar á hinu hnattræna á byggingartíma Kárahnjúkavirkjunar.⁹¹ Á þessu eru þó mikilvægar undantekningar. Ýmsir listamenn hafa fengist við að afbyggja hina náttúruhverfu þjóðernishyggi og raska gefnum undirstöðum hennar.⁹² Þetta á til dæmis við um verk tvíeykisins Libiu Castro og Ólafs Ólafssonar frá árinu 2000, *Untitled* (mynd 2), þar sem þau standa í íslenska kvenbúningnum framan við álverið í Straumsvík.



Mynd 2: *Untitled (Portrait of the Artists Wearing the Icelandic Women's Costume; Þeysuföt and Upplutur)* eftir Libiu Castro og Ólaf Ólafsson, birt með leyfi listamannanna.

⁹¹ Sjá Reinhard Hennig, *Umwelt-engagierte Literatur aus Island und Norwegen*, bls. 178. Andri Snær Magnason tók síðar upp hnattrænna sjónarhorn, til dæmis í *Um tímann og vatnið*, Reykjavík: Mál og menning, 2019. Um þá bók sjá Davíð G. Kristinsson, „Time on Ice. The Melting Skin of Walden Pond and Ok Glacier's Swansong“, *Henry David Thoreau and the Nick of Time. Temporality and Agency in Thoreau's Era and Ours*, ritstjórar Kathryn C. Dolan, John J. Kucich og Henrik Otterberg, Macon GA: Mercer University Press, 2025, bls. 41–56.

⁹² Sjá til að mynda ítarlega umfjöllun Auðar Övu Ólafsdóttur, „Ímynd Íslands, sagan, menningararfurinn og hin ýmsu sjálf Íslendingins. Þjóðarsál íslenskrar samtímapmyndlistar“, *Saga. Tímarit Sögufélags* XLVI: 2/2008, bls. 56–85 og doktorsritgerð Æsu Sigurjónsdóttur, *Postnational Identities, Icelandicness and Icelandicity. Transnational and Environmental Strategies in Contemporary Art in Iceland* (2023). Meðal rannsóknarspurninga sem þar er varpað fram eru: „Hvernig hafa listamenn andmælt auðkenningu og þjóðgervingu íslenskrar samtímalistar? Hvernig hafa þeir gert verndun umhverfisins að baráttumáli og viðfangi verka sinna?“

Þau skrifa um ásetning sinn með verkinu:

Við vorum að leika okkar að tilfærslum í framsetningu samvitundar, minninga um stereotýpískar ímyndir landslags, og íslenskra bænda sem í aldarbyrjun létu mynda sig fyrir framan sveitabýli sín [...]. Í okkar tilfelli erum við að vinna með uppsetningu, búninga sem voru þegar til og tákna fólkið og þjóðina, en þó vitanlega með nokkuð öðrum hætti, þar sem að Libia er ekki íslensk, Ólafur ekki kona, og bakgrunnurinn er álver, en ekki bóndabær.⁹³

Libia er ekki stereotýpísk íslensk kona þótt frávikkið frá hinum ráðandi íslenska hvítleika sé lítt áberandi til samanburðar við þann augljósari kynusla sem ein-kennir „kyngervi“ Ólafs. Verkið endurspeglar breytta þjóðfélagshætti í nútímanum og aukinn margbreytileika íslensks samfélags auk þess að grafa undan grundvelli karllægrar þjóðernishyggju með því að ýkja og skopstæla karlmennskuna og hið þjóðlega.

Verk Libiu og Ólafs vísar enn fremur með beinum hætti í gagnrýna hefð myndbirtingar álversins allt frá lokum sjöunda áratugar og upphafi þess áttunda þegar Ragnheiður Jónsdóttir grafíklistakona lét til sín taka í náttúruverndarbaráttu og Gylfi Gíslason skeytti Álverinu í Straumsvík inn í *Fjallamjólk* eftir Kjarval í verkinu *Fjallasúrmjólk* (1971). Hér gefst aftur takmarkað rými til að fjalla um list-sögulegan aðdraganda þeirra verka sem eru í brennidepli þessarar umfjöllunar, en vert er að athuga að verkið er frá sama ári og Laxness svaraði fulltrúa orku-stofnunar fullum hálsi.

Með búningum sínum vísa Ólafur og Libia jafnframt til verka Rúríar frá áttunda áratugnum, sem eru, með orðum Boltanskis og Chiapello, hluti af fyrrnefndum „vísunum hvarvetna í kapítalismann á sjöunda og áttunda áratug tuttugustu aldar“ (ix). Árið 1974 framdi hún gjörninginn *Gullinn bíll* á Lækjartorgi þar sem hún tilbað Mercedes Benz, sem hún hafði spreymt gylltan og hellt yfir smápeningum, áður en hún réðst á hann með sleggju. Túlka má gjörninginn sem ákall til almennings um að brjóta úr viðjum neytlusamfélagsins sem ógnar heilindum og frelsi þeirra sem búa undir hæl kapítalismans. Á fullveldisdeginum síðar sama ár flutti Rúi gjörninginn *Tillaga um að breyta íslenska þjóðbúningnum til að laga hann að nútíma þjóðfélagsháttum*. Þar léði hún skautbúningi Fjallkonunnar,

⁹³ Libia Castro og Ólafur Ólafsson, „Untitled (Portrait of the Artists Wearing the Icelandic Women’s Costume): Peysuföt and Upphlutur“, *Libia Castro and Ólafur Ólafsson*, 2000, okkar þýðing, sótt 8. september 2025 af <https://www.libia-olafur.com/works/untitled-portrait-of-the-artists-wearing-the-icelandic-womens-costume-peysufot-and-upphlutur/>.

persónugervingu hinnar sjálfstæðu íslensku þjóðar, nýja merkingu. Búningurinn var í bandarísku fánalitunum. Kaldhæðnin fangar vel þær flækjur sem þjóðarsálin var að glíma við í kjölfar hamslausrar innreiðar amerísks kapítalisma og veru Bandaríkjahers á Íslandi. Svipaður tónn er sleginn þremur áratugum síðar í verki þeirra Ólafs og Líbiu, en ekki síður í gagnrýni Óskar á „skítafyrirtækið“ ameríska í *Scheißland*, gagnrýni Andra Snæs á tilboð íslensku ríkisstjórnarinnar um „að knýja *verstu fyrirtæki í heimi*“ og gagnrýni Bjarkar á að stjórnvöld hérlendis væru „í þjónustu útlendinga“.

Annars konar afbyggingu hinnar þjóðlegu íslensku konu en sú sem finna má hjá Líbiu og Ólafi birtist tveimur áratugum síðar í dansmynd bandarísku listakonunnar Samönthu Shay (2022) við samnefnda tónlist Sóleyjar, *Mother Melancholia* (2021). Á plötunni teflir Sóley fram femínískri gagnrýni á umhverfisvá og voða sem og tengsl þeirra við ofbeldi og misrétti sem beinist að konum í krafti takmarkaðs ímyndunarafís feðraveldisins sem sér heiminn út frá tvíundum, völdum og drottun.⁹⁴ Í dansmynd Shay er staðalímynd íslensks landslags í fyrirrúmi, en hverfandi jökullinn (sem kallast á við blævænginn) gegnir hér nýju hlutverki í nokkurs konar útfararræðu plánetunnar. Í myndmáli Samönthu má greina frásagnarhátt sem afbyggir einföld tengsl þjóðernis og náttúru, að svo miklu leyti sem íslenskt þjóðerni er sögulega tengt ímyndinni um ósnortinn hvítleika.⁹⁵ Kona, dökk á hörund, birtist með blævæng í íslenskri náttúru, þeirri náttúru sem álitin hefur verið „mikilvægasta tákn þess sem gerir okkur að Íslendingum“, samkvæmt fyrrnefndri greiningu Guðmundar Hálfðanarsonar á íslenskri þjóðernishyggi seinna tíma. Í dansmynd Shay er þessi kona (ameríska leikkonan Chalia La Tour) með augljósum hætti á skjön við hina stereótýpisku íslensku konu, ráðandi íslenskan hvítleika, þjóðlega íslenska kvenbúninga og blævængurinn í ósamræmi við íslenskt loftslag. Myndverkið raskar með áhrifamiklum hætti undirstöðu hins ímyndaða sambands íslenskrar náttúru og íslensks þjóðernis – sem liggur náttúruhverfri þjóðernishyggi til grundvallar. Þjóðin er orðin alþjóðlegri en hún var um aldamótin, og jökullinn bráðnar síður vegna þess að heilög bönd lands og þjóðar hafa rofnað, en sökum hlýnunar jarðar sem á sér alþjóðlegar orsakir.

⁹⁴ Sjá Sóley Stefánsdóttir „Album of the Year. Mother Melancholia by Sóley“ (viðtal), *Reykjavík Grapevine*, 7. janúar 2022, sótt 30. ágúst 2025 af grapevine.is/icelandic-culture/2022/01/07/album-of-the-year-soley-kef-lavik/.

⁹⁵ Um hvítleika sjá doktorsritgerð Æsu Sigurjónsdóttur (*Postnational Identities, Icelandicness and Icelandicity*, 2023) og meðal annars eftirfarandi skrif Krístínar Loftsdóttur: „Bláir menn og eykonan Ísland. Kynjamyndir karlmennsku og Afríku á 19. öld“, *Ritid* 2/2005, bls. 21–44; sami höfundur, „Whiteness is From Another World. Gender, Icelandic International Development and Multiculturalism“, *European Journal of Women's Studies* 19: 1/2012, bls. 41–54.



Mynd 3: Samantha Shay, *Mother Melancholia* (2022), birt með leyfi listamannsins.

Niðurlag

Hver er ávinningurinn af því að greina gagnrýni listamanna á stóriðjustefnu íslenskra stjórnvalda með hliðsjón af *Hinum nýja anda kapítalismans* eftir Boltanski og Chiapello? Hann er að minnsta kosti þrífættur og snýr að 1) aðferðafræðilegum hugleiðingum þeirra, 2) hugtakinu um *gagnrýni listamannsins* sem þau rekja til Baudelaire, og 3) dýnamískum skilningi þeirra á anda kapítalismans og sambandi hans við gagnrýnendur sína.

Sú aðferðafræðilega afstaða sem Boltanski og Chiapello móta í formála bókarrinnar leggur grunninn að staðfærðri greiningu okkar á gagnrýni listamannsins. Við höfum reynt að forðast að gera annaðhvort ópersónubundna hugmyndafræði eða einstaklinginn að uppsprettu alls. Það væri einföldun að halda því fram að listafólkið sem hér er til umræðu hafi verið leiksoppar hugmyndafræði sem það var ómeðvitað um; að gagnrýni þess hafi verið á yfirborðinu og að raunverulegur drifkraftur hennar hafi verið dýpri og þeim ómeðvitaður. En það væri alveg jafn mikil einföldun að ætla einstökum gerendum að allt sem frá þeim kemur sé einstaklingsbundið, að öllu leyti meðvitað og vinni einungis þaulhugsaðri fyrirætlun þeirra í hag. Í anda aðferðafræðilegra vangaveltna Boltanskis og Chiapello höfum við því kappkostað að leggja áherslu á óljós skil og gagnkvæm áhrif á milli einstaklingsbundinna athafna og ópersónulegrar hugmyndafræði.

Á stundum virðast Boltanski og Chiapello yfirgefa þann meðalveg milli tveggja öfga sem þau boða sjálf. Þetta á sérstaklega við um eina áhugaverðustu fullyrðingu bókarrinnar, að hinn nýi andi kapítalismans hafi að hluta til innlimað

og þar með lamað gagnrýni listamannsins. Sú kenning minnir um margt á þær altæku kenningar sem þau draga sjálf í efa en viðurkenna þó að búi yfir „seiðandi krafti sem erfitt er að standast.“ (xiv) Svipað því þegar þau finna að félagsfræði sem geri einstaklingana að leiksoppum hugmyndafræði má segja að orðalag á borð við *í lamasessi* og *innlimuð* ýti undir bólsýni á að gagnrýni listamannsins sé nokkurs verð. Frá sjónarhóli altækra félagsfræðikenninga væru þau fjölbreyttu tilvik sem hér hefur verið vikið að, lítið annað en mismunandi birtingarmyndir á óhjákvæmilegri innlimun gagnrýni listamannsins í hinn nýja anda kapítalismans. Einstakir gerendur hefðu enga möguleika á því að setja fram gagnrýni á kapítalismann án þess að honum tækist að spenna gagnrýnendurna fyrir vagn sinn.

Sé notast við það einstaklingsbundnara sjónarhorn, sem Boltanski og Chiapello gera að aðferðafræðilegu viðfangi, má gagnrýna alltumlykjandi hugtök á borð við innlimandi og lamandi kapítalisma. Slík hugtök ná varla að viðhalda flækjustigi þess sem birtist í rannsókn á raunverulegum aðstæðum, athöfnum, staðbundnum tilvikum, einstaklingum af holdi og blóði í vissum og einstökum kringumstæðum sem taka alvöru ákvarðanir og jafnvel áhættu, og eru annað og meira en leiksoppar sem raungera hugmyndafræði hins nýja anda kapítalismans eða þeirrar náttúruhverfu þjóðernishyggu sem ráðið hefur ríkjum hérlandis. Það andóf listamannanna sem fjallað hefur verið um á þessum síðum flækir nefnilega með einum eða öðrum hætti kenningu Boltanskis og Chiapello um lómun og innlimun gagnrýni listamannsins. Það liggur ekki alltaf í augum uppi hver innlimar og hver er innlimaður. Þetta kemur ef til vill skýrast fram í gönguferðum Óskar eða málflutningi Andra Snæs sem velta bæði upp hagrænum möguleikum í atvinnuþróun, nýsköpun og uppbyggingu um leið og þau hafna gagngert þeim stórfyrirtækjakapítalisma sem einkenndi öðru fremur hagskipulag heimsins um þær mundir sem hinn nýi andi lét að sér kveða.

Í öðru lagi felst töluverður ávinningur í því að beita kenningunni og hugtakinu um *gagnrýni listamannsins* á það íslenska tilvik sem hér hefur verið greint. Meginniðurstaða okkar er sú að helstu gildin sem liggja hinni sögulegu gagnrýni listamannsins til grundvallar — *töftrar*, *heilindi* og *frelsi* — renni í stóriðjugagnrýni íslensku listamannanna saman við þá náttúruhverfu þjóðernishyggu sem ráðið hefur ríkjum hérlandis. Ef til vill mætti grípa hér til orða Boltanski og Chiapello sem tala um „bandalag“ gagnrýni listamannsins og grænnar neysluhyggju á sjöunda áratugnum í Frakklandi. Getur verið að gagnrýni listmannsins og náttúruhverf þjóðernishyggu myndi hliðstætt bandalag hér á landi þrjátíu árum síðar?

Gagnrýni listamannsins, eins og hún birtist hjá forsprakka hennar, Baudelaire, beinist að fjöldaframleiðslu (aftöfrun hins einstaka), gegn því að svíkja anda listarinnar í þágu markaðsvæðingar hennar (óheilindi) og gera skapandi ein-

staklinginn að tannhjólí í gangvirki kapítalíks samfélags (ófrelsi/kúgun). Helsti munurinn á gagnrýni listamannsins, eins og hún birtist hálfri annarri öld síðar í stóriðjugagnrýnum verkum íslenskra listamanna, er sá að áherslu Baudelaire á *einstaklinginn* er í tengslum við hina náttúruhverfu þjóðernishyggju skipt út fyrir *þjóðina*. Í þessari sambræðslu gagnrýni listamannsins og náttúruhverfrar þjóðernishyggju ógnar kapítalisminn síður hinu einstaka í framleiðslunni en hinu einstaka í náttúrunni (töfrum þess einstæða, líffræðilegum og fagurfræðilegum fjölbreytileika); óheilindin snúa síður að listinni en íslensku þjóðinni sem hefur glatað heilögu sambandi sínu við náttúru landsins og þar með við það sem ein-kennir hana sem þjóð; og í stað áherslu Baudelaire á ófrelsi einstaklingsins í kapítalismannum er það alþjóðlegi stórfyrirtækjakapítalisminn sem með fulltingi íslenska ríkisins og stofnana þess rænir frelsi þjóðarinnar (þjóð sem ætti sig sjálf væri aftur á móti frjáls fyrir vikið). Í stað gagnrýni á andlausa fjöldaframleiðslu kapítalismans hjá Baudelaire kemur þannig gagnrýni á tækniræði skrifstofumanna ríkisins sem með skirskotun til reikningsstokksins ætla sér að afmá einstakar náttúruperlur Íslands.

Í þriðja lagi nýtur tilviksrannsókn okkar góðs af dýnamískum skilningi Boltanskis og Chiapello á anda kapítalismans, greiningu þeirra á „hlutverki gagnrýnnar í framþróun kapítalismans“ og hinum „virku tengslum kapítalisma og gagnrýni.“ (xii–xiii) Samband kapítalisma og gagnrýni er dýnamískt. Kapítalisminn þarf stöðugt að réttlæta sig og það þurfir gagnrýnendur hans sömuleiðis að gera, þar á meðal náttúruverndarsinnar úr röðum listafólks. Vissulega er ýmislegt athugavert við þann samslátt þjóðernishyggju og náttúruverndar sem einkennt hefur íslenska náttúruverndarbaráttu en dýnamísk sýn á kapítalismann og samband hans við gagnrýnendur sína opnar aftur á móti á túlkun á framlagi listafólksins út frá hagnýtum áhrifamætti náttúruhverfrar þjóðernishyggju fremur en verið sé að einblína á hugmyndfræðilegan rétttrúnað. Vitaskuld er ekki um að ræða róttæka marxíska gagnrýni á alþjóðavæðingu kapítalismans, en að sama skapi er varla hægt að tala um eintóma innlimun eða lömun sem fari í alla staði á mis við það sem máli skiptir.⁹⁶

⁹⁶ Erfitt getur verið að setja sér fyrir sjónir þá abstrakt kenningu að kapítalisminn innlimi gagnrýni á kapítalismann. Auðveldara er til dæmis að átta sig á því hvernig virkjunarsinnar hafa með áþreifanlegum hætti innlimað umhverfisgagnrýni og beint henni í farveg sem samræmist hagsmunum þeirra. Guðmundur Hálfðanarson („Sustaining Economic Development or Preserving Nature?“, bls. 203) skrifar: „Nútímaumræða um umhverfismál hefur verið notuð á skilvirkari hátt til að efla orkufrekan iðnað á Íslandi frekar en að berjast gegn honum. Þannig þjónar hugtakið sjálfbær þróun nú sem ein helstu rökin fyrir frekari þróun vatnsaflsframleiðslu á Íslandi á þeirri forsendu að vatnsafl sé hrein og endurnýjanleg orkulind.“

Að mati Boltanskis og Chiapello minntist „enginn [...] lengur á kapítalisma“ í Frakklandi 9. áratugarins. Svipað má segja um aldamótin í því staðfærða tilviki sem hér hefur verið greint. En þó þau íslensku listaverk frá fyrsta áratugi tuttugustu og fyrstu aldarinnar sem hér hefur verið rýnt í geri kapítalismann sjaldan að beinu og óhlutbundnu viðfangsefni er andstaðan við eyðingu náttúruauðlinda í nafni blindrar gróðafíknar aftur á móti í öndvegi. Ádeila á þá skilyrðislausu auðsöfnun sem liggur auðvaldshagkerfinu til grundvallar er hvergi skýrari en í áleitinni spurningu sem Andri Snær varpar fram til íslensku þjóðarinnar í heimildarmyndinni *Draumalandið*: „Á hvaða söluverð myndum við fallast í tilfelli Esjunnar? Tveir milljarðar? Tuttugu?“⁹⁷

Í stað þess að hafna náttúruhverfri þjóðernishyggiu alfarið á hugmyndafræðilegum forsendum mætti spyrja með hvaða hætti gagnrýni listamannsins á í dýnamísku sambandi við þá innlimunarviðleitni kapítalismans sem Boltanski og Chiapello lýsa í sínu verki. Eins ætti að fara varlega í að ætla einstökum framleiðendum í menningu og listum of mikil og óraunhæf áhrif á jafn rótgróið fyrirbæri og alþjóðavæddan kapítalisma. Boltanski og Chiapello árétta í niðurlagi verks síns, að þrátt fyrir að gagnrýni listamannsins, sem ákveðin söguleg birtingarmynd, hafi að hluta til orðið hinum nýja anda kapítalismans að bráð þá eigi gagnrýni sem slík sér vissulega viðreisnar von og þjóni mikilvægu samfélagspólitísku hlutverki.⁹⁸

Aldarfjórðungi eftir útkomu bókar Boltanski og Chiapello má búast við því að síkvik endurnýjunargeta kapítalismans sé að einhverju leyti að geta af sér annan og nýrri anda en þann sem þau greina við lok tuttugustu aldar. Sömu-leiðis má ætla að gagnrýni listamannsins á alþjóðlegan stóriðjukapítalisma sé einnig að taka breytingum. Í ljósi greiningar okkar á möguleikum gagnrýnnar má spyrja hvers konar gagnrýni er líkleg til áhrifa í dag og hvaða öfl kunni að standa henni fyrir þrifum. Þarf að endurreisa gagnrýni listamannsins eins og hún birtist á sjöunda áratugnum? Verður áfram skírskotað til hugmyndafræði auðgunarhagkerfisins og hinnar náttúruhverfu þjóðernisvitundar?⁹⁹ Eða hafa íslenskt samfélag og hið hnattræna efnahagskerfi mögulega tekið það miklum breytingum undanfarna tvo áratugi að gagnrýni listamannsins sé líkleg til að birtast undir öðrum formverkjum – áður en nýr andi kapítalismans innlimar hana og samlagast henni á nýjan leik?

⁹⁷ Andri Snær Magnason og Þorfinnur Guðnason, *Dreamland* (Heimildamynd), Ground Control Productions, 2009.

⁹⁸ Luc Boltanski og Ève Chiapello, *The New Spirit of Capitalism*, bls. 483–529.

⁹⁹ Árið 2005 áleit Guðmundur Hálfðanarson „algengustu rökin gegn uppbyggingu orku-freks iðnaðar á Íslandi [vera] enn á mjög þjóðernislegum nótum“. Guðmundur Hálfðanarson, „Sustaining Economic Development or Preserving Nature?“, bls. 202.

ÚTDRÁTTUR

Í þessari grein er rýnt í það hvernig iðnaðaruppbygging á vegum íslenskra stjórnvalda og alþjóðlegra stórfyrirtækja í byrjun tuttugustu og fyrstu aldarinnar var gagnrýnd í verkum ýmissa listamanna hérlendis. Við greininguna er stuðst við kenningu frönsku félagsfræðinganna Lucs Boltanski og Ève Chiapello um gagnrýni listamannsins á kapítalismann. Enn fremur er rætt um skörun gagnrýni listamannsins, vistrænnar gagnrýni, auðgunarhagkerfisins og náttúruhverfrar þjóðernishyggu.

Enn sem komið er hafa hvorki kenningar Boltanskis og Chiapello um gagnrýni listamannsins né kenningar Boltanskis og Arnauds Esquerre um auðgunarhagkerfið verið teknar til fræðilegrar umfjöllunar hér á landi. Markmið eftirfarandi greinar er tvíþætt. Annars vegar að kynna á íslenskum fræðavettvangi verk þessara kenningasmiða og hins vegar að sannreyna þá Frakklands-miðuðu fullyrðingu Boltanskis og Chiapello að gagnrýni listamannsins hafi, um það leyti sem framkvæmdir hófust við Kárahnjúka, verið „í lamasessi vegna innlimunar hins nýja anda kapítalismans á hluta af inntaki hennar“.

Helsta niðurstaða okkar er sú að greina megi við síðustu aldamót á Íslandi endurnýjaða og staðbundna birtingarmynd gagnrýni listamannsins á tilteknar birtingarmyndir hnattvædds kapítalisma sem hafi hérlendis það sérkenni að renna saman við náttúruhverfa þjóðernishyggu.

Lykilorð: gagnrýni listamannsins; vistræn gagnrýni; auðgunarhagkerfið; náttúruhverf þjóðernishygga; innlimun í kapítalismann

ABSTRACT

Dissent and Sublimation: Artistic Critique of the Icelandic Government's Heavy Industry Program at the Turn of the 21st Century

This article examines how heavy industry development by the Icelandic government and multinational corporations in the early twenty-first century was critiqued in the work of various local artists. The analysis deploys French sociologists Luc Boltanski and Ève Chiapello's theorization of the *artistic critique of capitalism*. Furthermore, it elaborates on the overlap between the artistic critique, the ecological critique, the enrichment economy, and ecocentric nationalism.

So far, Boltanski and Chiapello's *artistic critique* Boltanski and Arnaud Esquerre's *enrichment economy* have been more or less absent within Icelandic academic discourse. The aim of the present article is twofold. On the one hand, to tend to this lacuna in Icelandic scholarship and on the other to verify Boltanski and Chiapello's Francocentric assertion

that the artistic critique was, at the time of Iceland's early twenty-first century heavy industry development, "paralysed by the incorporation of part of its thematic into the new spirit of capitalism."

Our main conclusion is that this point in history exhibits a revitalized and localized manifestation of the artistic critique vis-à-vis certain forms of globalized capitalism; a manifestation distinguished by its alliance with ecocentric nationalism.

Keywords: artistic critique; ecological critique; the enrichment economy; ecocentric nationalism; capitalist incorporation

DAVÍÐ G. KRISTINSSON

Aðjunkt við Deild menntunar og margbreytileika

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

dkristinsson@hi.is

MARTEINN SINDRI JÓNSSON

Dósent við hönnunardeild Listaháskóla Íslands

marteinnsindri@lhi.is

